



Heit og ljúffeng

PIZZA

HAMRABORG

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Fimmtudagur 19. maí 2005 • 20. tbl. • 22. árg.

Afgreiðsla

Landsbankans
í Neista er opin
fimmtudaga og
föstudaga
frá kl. 16-18

Sími 410 8119

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Tvær myndlistarsýningar opnaðar á Ísafirði í tengslum við Listahátíð Reykjavíkur

Forseti Íslands meðal þátttakenda í hringflugi til fjögurra áfangastaða

Fjölmenni sótti opnun tveggja myndlistarsýninga á Ísafirði á sunnudag, en sýningarnar eru haldnar í tengslum við Listahátíð Reykjavíkur. Meðal gesta var Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og verndari hátíðarinnar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri Reykjavíkur en þau tóku þátt í hringflugi til fjögurra áfangastaða á landinu.

„Við fengum frábærar mót-tökur á Ísafirði og það var gaman að koma svo snemma að morgni. Allir voru í sólskinskapi og fallett veður. Þá heppnaðist opnun sýninganna vel. Þetta eru tvær glæsilegar sýningar en mjög ólíkar“, segir Hrefna Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar. 100 manns tóku þátt í hringfluginu og var farið á tveimur



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra með aðstandendum sýningarinnar í Edinborgarhúsinu. Eins og sést á myndinni lék veðrið við þátttakendur í hringfluginu.

Fokker vélum Flugfélags Íslands. Ísafjörður var fyrsti viðkomustaður en einnig var flogið til Akureyrar, Egilsstaða og Vestmannaeyja en á hverjum stað voru opnaðar myndlistar-

sýningar í tengslum við Listahátíðina. Á Ísafirði voru það sýningar myndlistarmannanna Hreins Friðfinnssonar, eins fremsta konseptlistamanns Íslands í Slunkaríki og Elínar

Hansdóttur í Edinborgarhúsinu.

Sýningarnar eru hluti af stærsta myndlistarverkefni sem efnt hefur verið til hér á landi og nær til yfir 20 sýning-

arstaða. Listahátíð í Reykjavík var fyrst haldin árið 1970 og í ár er hún helguð alþjóðlegri samtímalist. Gert er ráð fyrir að myndlistarsýningarnar á Ísafirði standi út júnímánuð.



Höfrungar skemmtu sæfarendum

Höfrungar skemmtu ferðalöngum sem sigldu fyrir utan friðland Hornstranda á skútu um helgina. Þegar siglt var fyrir utan Aðalvík og Fljótavík flyktust dýrin að og syntu í kjölfari skútunnar. Höfrungar eru þekktir fyrir forvitni sína og hafa löngum verið skemmtiefni sæfarenda um veröld víða. Halldór Sveinbjörnsson ljósmyndari var um borð í skútunni og tók meðfylgjandi mynd.

úrval

Samkaup

OPIÐ:

virka daga
kl. 09 - 21

laugard. 10-21

sunnud.
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...

leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framúrskarandi tengslaneti. Eimskip sérhæfir sig í öllu sem snýr að landi, sjó- og flugflutningi, vöðudrægingu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er sameiginlegur matnaður bæði starfmanna og hlagsins að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

EIMSKIP

Hönguflak 3 • 104 Reykjavík • Sími 505 1000 • Fax 505 1006 • www.eimskip.is



Grunnskólinn á Ísafirði.

Skarphéðinn Jónsson skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði

Segir fækkun starfsmanna augljóslega rýra þjónustu skólans

Skarphéðinn Jónsson skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði segir augljóst að þjónusta skólans muni versna í kjölfar fækkunar stöðugilda sem boðuð er í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og koma mun að óbreyttu til framkvæmda í sumar. Á föstudag birtist grein eftir Herdís M. Hübner grunnskólakennara á bb.is þar sem hún ræðir um fyrirhugað útbóð á mótuneyti Grunnskólans sem komið hefur fram í fréttum bb.is. Þá ræðir Herdís fyrirhugaða fækkun stöðugilda hjá Grunnskóla Ísafjarðar sem ákveðið var í fjárhagsáætlun ársins 2005. Samkvæmt áætluninni er stjórnendum grunnskólans gert að fækka um 2,5 stöðugildi.

Í grein sinni segir Herdís að fyrirhugaðar uppsagnir komi fyrst og fremst niður á þjónustu við þá nemendur sem þurfa á þjónustu stuðningsfulltrúa að halda og einnig á þjónustu skólaliða sem sinna gæslu, þrífum og ýmsu öðru. Þá segir Herdís í grein sinni: „Grunnskólinn á Ísafirði er ódýrasti grunnskóli landsins í

rekstri, og samt er okkur gert að spara meira. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að spara í einum skóla án þess að það komi niður á gæðum skólastarfsins. Það getur ekki annað en bitnað á ímynd Ísafjarðarbæjar, gæði grunnskóla vega þungt í mati fólks á því hvaða sveitarfélög eru vænleg til búsetu og hver ekki. Þeir sem ætla að skora í þeirri keppni, hafa það ekki í forgangi að fjársvelta grunnskólann sinn.“

Skarphéðinn Jónsson skólastjóri Grunnskóla Ísafjarðar segir að ákvörðun um hvernig staðið verði að fækkun stöðugilda í skólanum hafi ekki verið tekin en reynt verði að láta það koma fram í starfsmannaveltunni þ.e. í ljós eigi eftir að koma hvaða starfsmenn hugsi sér til hreyfings í sumar. Hann segir það hins vegar rétt mat hjá Herdís að fækkun stöðugilda muni fyrst og fremst verða í röðum skólaliða sem eins og áður sagði sinna gæslu og þrífum og í röðum stuðningsfulltrúa sem sinna þeim börnum sem stuðnings þurfa með í námi. Hann

segir að endanleg ákvörðun muni liggja fyrir á næstu vikum. Í dag eru um 20 stöðugildi við þau störf sem áður eru nefnd.

Aðspurður hvort þjónusta skólans muni ekki versna við þessa fækkun stöðugilda segir Skarphéðinn það augljóst. „Það hefur komið fram að Grunnskólinn á Ísafirði er í hópi hagkvæmstu skóla á landinu. Því er svigrúmið til hagræðingar ekki mikið og því mun þessi fækkun stöðugilda því miður leiða til verri þjónustu við okkar nemendur, hjá

því verður ekki komist“.

Aðspurður hvort ekki sé hægt að fækka stöðugildum í annarri starfsemi skólans segir Skarphéðinn svo ekki vera. „Starfsemi skóla er að mestum hluta lögbundin og því er einungis hægt að mæta fækkun stöðugilda í hópi skólaliða og stuðningsfulltrúa.“ Eins og áður hefur komið fram í fréttum bb.is mun störfum einnig fækka nokkuð verði af útbóði á mótuneyti skólans. Í grein sinni telur Herdís því að störfum í skólanum muni því samtals fækka um 7-10 manns.

Þess má geta að á þriðjudag birtust á heimasíðu Ísafjarðarbæjar drög að nýrri grunnskólastefnu bæjarins. Um hana segir m.a. í inngangi: „Í stefnunni hefur verið leitast við að setja fram sameiginleg sjónarmið fulltrúa þeirra sem starfa í grunnskólum sveitarfélagsins, foreldra, auk þess sem rýnihópar hafa lesið stefnuna og komið fram með skoðanir sínar. Við undirbúninginn var byggt á þeirri sýn að virk stefnumótun verði til í samvinnu ólíkra hópa. Á þann hátt er líklegast að afurðin verði

samfélagseign og lifandi tæki til að kortleggja stöðuna og vinna að áframhaldandi þróun.“

Þá segir einnig: „Leitast skal við að skapa skólunum eins góðar aðstæður og völ er á hverju sinni. Lögð er áhersla á fjölbreytt, fjölmenningslegt, framsækið og metnaðarfullt skólastarf.“ Um þjónustu segir m.a.: „Nemendur sem hafa sértækar þarfar vegna námsörðugleika, tilfinninga- og/öðra geðraskana o.fl. fá þá aðstoð og tilhliðrun sem sérþarfir þeirra krefjast.“ – *hj@bb.is*

Fór holu í höggi

Grímur Lúðvíksson félagi í Golfklúbbi Bolungarvíkur varð á mánudag fyrstur til að fara holu í höggi á Syðridalsvelli. Þessu draumhöggi náði hann á 5. holu. Hann notaði 4-járn á teig og lenti kúlan framan við grínið, og skoppaði síðan og rúllaði ofan í holuna.

Fyrir þremur árum vissi Grímur varla hvað golf er. Þá mætti hann á byrjendánámskeiði í íþróttinni og hefur síðan ekki verið samur maður. Hann hefur að undanförnu haslað sér völl í innflutningi golfvara og selur þær í verslun sinni Golfskúrnum í Bolungarvík. – *hj@bb.is*



Golf-Grímur í sveiflu.

Ók utan í gátskilti í Vestfjarðagöngunum

Tvö umferðaróhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði á föstudag. Fólksbifreið var ekið utan í nokkur gátskilti í Vestfjarðagöngunum. Tjón varð bæði á skiltunum og á bifreiðinni. Þá fór ökumaður út af veginum við Arnarnes og hafnaði í vegrás. Að því er fram kemur í dagbók lögreglu-

unnar virðist ökumaður hafa sofnað undir stýri.

Skemmdir voru unnar á Mercedes Benz bifreið sem stóð við Hafnarstræti á Flatreyri í síðustu viku. Þeir sem upplýsingar geta gefið um hver var að verki eru hvattir til að hafa samband við lögregluna á Ísafirði. Þá höfðu lögreglu-

menn afskipti af 16 ára unglingi í miðbæ Ísafjarðar. Unglingurinn var mjög ölvaður og var hann færður á lögreglustöðina þangað sem foreldri hans sótti hann.

Lögreglan vill biðja foreldra um að gæta þess að börn yngri en 15 ára noti hjálm þegar þau ferðast um á reiðhjólum sín-

um. Þá vill lögreglan hvetja foreldra til að vera vel á varðbergi gagnvart „hugsanlegri óheillavænlegri hópamyndun unglínga“, eins og segir í tilkynningu lögreglunnar. Hér mun vera átt við eftirlitslaus unglíngasamkvæmi og áfengisneyslu sem fylgt getur slíkum samkvæmum.



**Gámapjónusta
Vestfjarða ehf**
☎ 456 4340 & 456 4760

Atvinna

Óskum eftir að ráða bílstjóra. Áhugasamir hafi samband í síma 456 3710.

Gámapjónusta Vestfjarða ehf.,



Listaskóli Rögnvaldar er til húsa í Edinborgarhúsinu.

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Tónleikaröð framundan

Á næstunni verða á vegum Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar haldnir þrennir tónleikar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Laugardaginn 21. maí verða haldnir píanótónleikar þeirra nemenda sem lengst eru komnir í námi. Þar verða flutt verk eftir Bach, Händel, Scarlatti, Mozart, Lizst, Chopin og Debussy. Tónleikarnir hefjast kl. 17. Fimmtudaginn 26. maí verða tónleikar í samvinnu við Tónlistarskóla Bolungarvíkur. Þar eru á ferðinni nemendur á rafbassa og rafgítar ásamt trommuleikurum. Þessir tónleikar hefjast kl. 20. Föstudaginn 27. maí verða svo vortónleikar píanó- og gítarnemenda og hefjast þeir klukkan 20. Margrét Gunnarsdóttir

skólastjóri segir undirbúning næsta skólaárs nú í fullum undirbúningi. Í haust kemur til liðs við skólann ballettkennarinn Henna Ríikka Jurma frá Finnlandi. Henna kenndi hér í febrúar og líkaði svo vel við staðinn og nemendurna að hún óskaði eftir að fá að búa hér og kenna næsta vetur. Hún er um þessar mundir að ljúka námi sínu í Finnlandi. Þess má geta að Henna talar norsku og sænsku og er orðin nokkuð góð í að gera sig skiljanlega á íslensku enda hefur hún áður kennt við Listdansskóla Íslands. Ball-ettnámið er í samvinnu við Listdansskólann og segir Margrét miklar vonir bundnar við það samstarf í uppbyggingu náms í listdansi og jassballett á svæðinu.

Starfsmenn í Funa skipta um stéttarfélag

Þrír starfsmenn sorp-brennslustöðvarinnar Funa í Engidal hafa tilkynnt vinnuveitanda sínum, Ísafjarðarbæ, að þeir hafi sagt sig úr Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og gengið í Vélstjórafélag Íslands. Jafnframt hafa þeir óskað

eftir því við Vélstjórafélagið að það sjái um gerð kjarasamninga fyrir sína hönd í framtíðinni. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að launanefnd sveitarfélaga verði falið að semja við Vélstjórafélag Íslands fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Umbrot í mjólkuriðnaði hafa ekki áhrif á rekstur MÍ

Engar áætlanir eru uppi um frekara samstarf eða sameiningu Mjólkursamlags Ísfirðinga við önnur fyrirtæki í iðnaðinum. Þetta segir Árni Brynjólfsson, formaður stjórnar samlagsins, en eins og kunnugt er hafa að undanfögnu verið nokkur umbrot í mjólkuriðnaði á Íslandi. Um síðustu mánaðamót var gengið frá sameiningu Mjólkursamsölnunar í Reykjavík og Mjólkurbús Flóamanna á Selfossi. Hið nýja félag hefur ekki hlotið nafn. Á undanfögnu árum hafa miklar breytingar átt sér stað og hafa fyrirtæki verið að stækka. Sem dæmi um það má nefna að starfssvæði hins nýja félags mun ná yfir Austurland, Suðurland, Vesturland og Norðurland vestra. Við slík umbrot leiðir fólk óneitanlega hugann að minni mjólkurfyrirtækjum svo sem Mjólkursamlagi Ísfirðinga.

Fyrir nokkrum árum var



Mjólkursamlag Ísfirðinga á Wardstúni.

gerður stjórnunarlegur samstarfssamningur á milli Mjólkursamsölnunar og Mjólkursamlags Ísfirðinga. Sá samningur felur í sér að mjólkurbússtjórnin í Búðardal stýrir jafnframt samlaginu á Ísafirði. Að öðru leyti er starfsemi samlagsins á Ísafirði sjálfstæð að

sögn Árna Brynjólfssonar formanns stjórnar Mjólkursamlags Ísfirðinga. Hann segir áður nefndan samning ennþá í fullu gildi og ekkert hafi komið fram annað en að hið nýja fyrirtæki muni standa að honum áfram. Árni segir engar áætlanir uppi um frekara samstarf

eða sameiningu Mjólkursamlags Ísfirðinga við önnur fyrirtæki í iðnaðinum. „Sá verk-takasamningur sem við gerðum um stjórnun hefur gengið mjög vel og hefur styrkt okkar starfsemi. Við lítum því þannig á að nú þegar Mjólkursam-salan hefur runnið inn í stærra fyrirtæki þá muni það einungis styrkja okkar samstarf.“

Árni segir mjólkurkvóta á norðanverðum Vestfjörðum hafa verið að aukast á undanfögnu árum og það hafi styrkt rekstur Mjólkursamlags Ísfirðinga nokkuð. „Afkoma síðasta árs var sú besta um langt skeið þannig að við erum bjartsýn á framtíðina.“

Í dag er framleidd svokölluð ferskvara hjá mjólkursamlaginu á Ísafirði, þ.e.a.s. nýmjólk, undanrenna, rjómi og skyr. Félagið sér síðan um dreifingu mjólkurvara fyrir önnur mjólkurfyrirtæki.

– hj@bb.is

Hefur fengið leyfi til sjónmælinga og linsumátunar

Örn Torfason sjónmælingafræðingur í Gullauga á Ísafirði hefur nú fengið leyfi til sjónmælinga og linsumátunar. Hingað til hafa mælingar sem þessar eingöngu verið á hendi augnlækna. Örn hefur lengi barist fyrir því að fá að framkvæma þessar mælingar og mátanir og er nú einn af þremur mönnum á Íslandi sem auk

augnlækna hafa leyfi til slíkra verka. „Þetta er mjög mikilvægt fyrir mig og skemmtilegt að geta byrjað að láta vita af sér“, segir Örn sem hefur komið sér upp tækjum og tólum af fullkomnustu gerð sem nýtast til að mæla allar gerðir af sjónvillum. Örn bendir öllum þeim sem áhuga hafa að panta sér tíma í síma 456-3460.



Örn hefur komið sér upp tækjum og tólum af fullkomnustu gerð.

Mikil hækkun á leigu Laugardalsár

Allt útlit er fyrir að útleiga Laugardalsár skili eigendum árinna riflega 40% hærra tekjum á næsta ári en á þessu ári ef marka má þau tilboð sem stjórn veiðifélagsins barst í útboði á dögunum. Alls bárust fjögur tilboð. Hæsta tilboðið var frá Stangveiðifélagi Reykjavíkur sem

bauð rúmlega 9,2 milljónir króna fyrir ársleigu. Lax-á ehf. bauð 9,1 milljón króna, Hreggnasi ehf. bauð tæplega 8,3 milljónir króna og Sportmenn buðu 6,5 milljónir króna. Í auglýsingu um útboðið var þess getið að hægt væri að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Frá árinu 1998

hefur Lax-á ehf. haft ána á leigu. Samkvæmt heimildum blaðsins er leiguverð árinna í ár tæplega 6,5 milljónir króna og er hæsta tilboðið nú rúmlega 42% hærra og því ljóst að gjald fyrir veiðileyfi í þessari mestu laxveiðiá Vestfjarða mun hækka verulega á næsta

ári. Sigurjón Samúelsson formaður veiðifélags Laugardalsár segir enga ákvörðun hafa verið tekna um það hvaða tilboði verði tekið. Það verði að öllum líkindum gert á félagsfundi um næstu helgi. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið. – hj@bb.is

Starf Íþróttar- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar

Bæjarráð vill ekki afskipti ráðningarstofu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur ekki þörf á að ráðningarstofa verði fengin til að fjalla um umsóknir þær sem kunna að berast um starf íþróttar- og æskulýðsfulltrúa bæjarins. Þetta var ákveðið á fundi ráðsins í síðustu viku. Sem kunnugt er lætur Björn Helgason af starfi íþróttar- og æskulýðsfulltrúa innan skamms eftir ártuga starf og var starfið auglýst

laust til umsóknar á dögunum. Á fundi íþróttar- og æskulýðsnefndar bæjarins fyrir skömmu var fjallað um væntanlega ráðningu í starfið og var bókað að nefndarmenn legðu til að ráðningarstofa yrði fengin til þess að fara yfir umsóknir um starfið „þar sem mikilvægt er að fagleg sjónarmið verði í öndvegi“, eins og segir orðrétt í bókun nefndar-

innar. Eins og áður sagði hafnaði bæjarráð þessari tillögu nefndarinnar og koma því umsóknir um starfið væntanlega beint til umsagnar íþróttar- og æskulýðsnefndar. Það verður síðan bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sem mun eiga lokaorðið í ráðningu hins nýja embættismanns sveitarfélagsins.

– hj@bb.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

TILBOÐ ÓSKAST FASTEIGN TIL SÖLU

Þróunarsjóður sjávarútvegsins auglýsir hér með eftir tilboðum í fasteignina Straumnes (Kaldbakur) á Vatneyri, Patreksfirði.

Um er að ræða frystihús sem búið er að úrelða á hafnarsvæði Patrekshafnar, ásamt lóðarréttindum. Húsið má ekki nota til fiskvinnslu. Húsið er samkvæmt skrá FMR talið vera 2.939,8 m² ásamt 665,0 m² bílastæði.

Fasteignamat hússins er 43,2 millj. og bílastæða 0,9 millj.

Vátryggingarfjárhæð hússins er 203,9 millj.

Tilboðsfjárhæð miðist við staðgreiðslu.



Tilboðum skal skila á skrifstofu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins Borgartúni 35, 105 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 hinn 10. júní n.k. merkt "STRAUMNES". Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Allar nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri Þróunarsjóðs, Hinrik Greipsson, vinnusími 510 1819 GSM 892 3355.



Fagurt útsýni úr gati Nónhorns

Um Hvítasunnuhelgina var bjartviðri á Vestfjörðum og nýttu margir veðrið til útivistar. Meðal þeirra sem héldu til fjalla var Einar Halldórsson, gröfu- og bílstjóri á Ísafirði. Hann þeysti um fjöll á snjóslæða sínum.

Þegar hann var kominn á Nónhrynu sem er ofan Nón-

vatns rifjaðist upp fyrir honum saga sem annar gröfu- og bílstjóri, Ingimar heitinn Ólason, hafði sagt honum fyrir nokkrum áratugum af gati sem væri í klettaborg Nónhrynu. Ingimar vann við gerð stíflunnar í Nónvatni á sínum tíma.

Einar segir gatið sjást, ef vel er að gáð, frá Nónvatni.

Hann segir að klífa þurfi um 30-40 metra niður að gatinu og það sé þess virði því sjónarhornið sé óneitanlega skemmtilegt. Einar tók meðfylgjandi mynd af útsýninu í gegnum gatið og í fjarska sést Eyri við Skutulsfjörð og ennþá lengra Snæfjallaströnd.

– hj@bb.is

Tíminn er dýrmætur, séð í flakka málin. Fólksbílar 3.900 krónur á dag frá Toyota Yaris upp í Kia Magentis. Jeppar 6.900 krónur á dag frá Toyota Rav4 upp í Toyota Land Cruiser. Innifalið í verði er ótakmarkaður akstur og kaskótrygging.

Ákvarðanir eru erfiðar. Þær eru auðveldari þegar möguleikarnir eru bara 2.



Budget bílaleiga: 2 verð einfalt val.

Budget bílaleiga, Sími 562 6060, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík, www.budget.is

Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum, Þórshöfn, Þorlákshöfn og Bakka.

Budget
Car Rental

Mellur – í jákvæðri merkingu!

Svokallaðar bloggsíður njóta mikilla vinsælda. Þær dreifast um veraldarvefinn með ógnarhraða og urmull af nýjum bloggurum sprettur fram á hverjum degi.

Ísfrska vefsíðan mellur.net hefur slegið í gegn. Að henni standa fimm stúlkur, þær Erla Dögg Ernisdóttir, Hafdís Pálsdóttir, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Rannveig Snorraddóttir og Guðný Halla Jónsdóttir.

Vinkonurnar fimm hafa lent í ýmislegu í tengslum við síðuna. Meðal annars lentu þær í þrasi við femínista vegna nafnsins. Einnig var síðan þeirra tilnefnd í DV fyrir stuttu sem önnur heitasta vefsíðan en hana heimsækja á annað þúsund manns á dag. Bæjarins besta settist niður með vinkonunum og ræddi við þær um upphaf vefsíðunnar, at-hyglina sem hún hefur fengið og nafnið á henni.

– Hvernig kom það til að þið stofnuðuð þessa heimasíðu?

Rannveig: Þetta var hugmynd sem við fengum síðasta sumar. Við vildum halda sambandinu þar sem vinkonuhópurinn var farinn að dreifast. Til dæmis flutti ég til Reykjavíkur.

Erla: Upphaflega átti bloggsíðan að vera leið til að halda hópinn, þetta átti að vera aðeins fyrir okkur svo við gætum fylgst hver með annarri.

Guðný: Við byrjuðum sjálfar að setja upp síðuna en vinur okkar Baldur Páll Hólmgeirsson tók af okkur völdin og hannaði hana upp á nýtt. Hann vinnur hjá fyrirtækinu Neista sem sérhæfir sig í hönnun, uppsetningu og forritun vefsíðna.

Margrét: Núna er síðan bæði flottari og einfaldari í notkun.

– Hvenær gerðuð þið ykkur grein fyrir miklum vinsældum síðunnar?

Hafdís: Þegar teljari var settur upp kom í ljós að á milli eitt og tvö þúsund manns heimsækja síðuna á degi hverjum.

Rannveig: Ég tók eftir því þegar ég fór út að skemmta mér í Reykjavík og það um að fá að taka mynd af fólki fyrir vefsíðuna, að margir könnuðust við nafnið og voru alveg til í að láta taka myndir af sér fyrir mellur.net. Það kom mér mjög á óvart.

Hafdís: Ég held að nafnið hafi vakið mesta athygli og eftir að síðan okkar var rædd á vef femínista var birt frétt um okkur í DV. Það byrjaði allt með því að Gilzenegger hjá kallarnir.is setti tengil inn á síðuna okkar á spjallborðið á vefsíðu femínista og spurði hvað þeim fyndist um þetta. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og margar sögðu að það væri sorglegt að ungar



Mellurnar góðu: Rannveig, Margrét, Hafdís, Erla og Guðný.

stúlkur væru að kalla sig þessu nafni.

Erla: Þær álitu að við værum undir áhrifum rappara frá Bandaríkjunum, sem nota óspart nafngiftir eins og mellur eða hórur. Þær héldu þá að okkur fyndist það vera flott.

Rannveig: Við sögðum því sögu okkar á spjallborðinu, að við værum vinkonur sem kalla sjálfar okkur þetta án þess að það sé í neikvæðri merkingu.

Hafdís: Álitid var mjög sveiflukennt. Í fyrstu fannst þeim þetta sorglegt en eftir að nokkrar kíktu á síðuna var sagt að ef ekki væri fyrir nafnið, þá gætum við verið hressar femínistastelpur. Svo var það aftur orðið sorglegt og þannig koll af kolli.

Rannveig: Þessi umræða fékk metumsagnir á vefnum hjá þeim en fjöldi umsagnanna varð um 200. Það var því greinilegt að fólk hafði ýmislegt að segja um síðuna okkar, sem snerist að mestu um nafnið.

– Hver er ástæðan fyrir nafninu á síðunni?

Rannveig: Það var ekki sérstaklega valið fyrir síðuna heldur hefur hópinn verið kallaður Mellurnar í um þrjú ár.

Margrét: Þetta er einkahumor hjá okkur en það byrjaði þannig að vinur okkar byrjaði að kalla okkur Mellurnar í gríni. Í staðinn fyrir að móðgast fannst okkur það bara fyndið.

Erla: Út frá því byrjuðum við að kalla þær stundir þegar við hittumst Mellukvöld og ef

við fórum eitthvað úr bænum voru það Melluferðir. Þannig þróaðist þetta. Við vissum að nafnið á síðunni myndi vekja neikvæð jafnt sem jákvæð viðbrögð og því kom það okkur ekkert á óvart þegar umræðan hófst á femínistasíðunni.

Hafdís: Orðið mella hjá okkur þýðir ekki vændiskona heldur er það bara heiti yfir hópinn. Við erum að nota þetta orð sem hefur neikvæða merkingu á jákvæðan hátt. Svipað og hjá vefritinu tíkin.is. Þar er hefur orðinu tik verið snúið í jákvæða merkingu.

Engar ærumeiðingar

– Hvað er að finna á síðunni?

Erla: Við reynum að hafa bloggið fjölbreytt, skemmtilegt og fyndið. Það er mikill áhugi á myndunum úr skemmtanalífinu. Sérstaklega hjá brottfluttum Ísfirðingum sem geta á þennan hátt fylgst með því sem er að gerast á heimaslóðunum. Reglulega eru Mella vikunnar og Melluvinurinn valin og birt mynd af þeim. Í upphafi ákváðum við sjálfar hverjir urðu fyrir valinu en eftir að við leyfðum fólki að taka þátt í valinu reyndist það vera svo vinsælt að nú fer alltaf fram kosning á sunnudögum. Svo er bara ýmislegt annað skemmtilegt sem við erum með á síðunni.

– Hefur fólk aldrei verið með leiðindi vegna þess að þið takið myndir af því og setjið á netið?

Guðný: Nei, ef einhver bið-

ur um að mynd af honum verði tekin út, þá að sjálfsgöðu gerum við það.

Hafdís: Við biðjum líka um leyfi áður en við smellum af. Að undanförmu hef ég mest verið að taka myndir og hef fengið mikið hrós fyrir það að biðja fyrst um leyfi.

Erla: Ekki eru allir sem vilja vera á netinu, sérstaklega ekki þegar verið er að skemmta sér. Við virðum það.

Hafdís: Við pössum okkur líka á að vera ekki með ærumeiðingar um neinn. Jafnvel þó að viðkomandi væri ekki nafngreindur, þá viljum við ekki hafa neitt illt umtal um neinn. Það hefur komið fyrir að fólk hefur verið að setja út á aðra í ummælum hjá okkur og þá eyðum við því strax. – Óraði ykkur fyrir því þegar þið komuð síðunni upp hversu vinsæl hún yrði?

Allar í kór: Alls ekki!

Margrét: Það kom okkur virkilega á óvart og ég er enn að átta mig á því.

Hafdís: Maður gerir sér ekki grein fyrir því þegar maður er að blogga, að ekki bara vinirnir og manns nánustu lesa það sem eru skrifað. Það kemur í ljós að bláókunnugt fólk veit ýmislegt um okkur af því það hefur lesið um okkar daglega líf. Eins og þegar ég komst inn í Listaháskólann og setti ég það strax inn á vefsíðuna. Næstu daga var hið ótrúlegasta fólk að óska mér til hamingju úti á götu, sem að sjálfsgöðu var mjög gleðilegt.

Rannveig: Þegar ég kom í heimsókn frá Reykjavík heils-

aði fólk mér sem ég hafði aldre talað við áður. Því fannst það þekkja mig í gegnum síðuna.

Margrét: Það kom líka í ljós þegar við komum með þá nýjung að vera með spurningakeppnina „Melltu betur“ einu sinni viku, að fólk hefur kynnst okkur ágætlega í gegnum síðuna. Fólk sem þekkir okkur ekkert að ráði er oft að svara spurningunum rétt.

Ólíkar en samt líkar

– Hvert er framhaldið með vefsíðuna? Verður hún viðljófi í framtíðinni?

Erla: Já, það verður hún pottþétt. Nú er hópinn að tvístrast um tíma þar sem fjórar okkar flytja til Reykjavíkur og Eskifjarðar í haust. Svo það er spurning hvort aðsóknin á síðuna muni þá ekki minnka, þar sem svo mikið af brottfluttum Ísfirðingum sækir í hana til að fá fréttir af Ísafirði. En það skiptir ekki máli því að síðan verður okkar leið til að halda sambandi hver við aðra og þess vegna munum við halda áfram með hana.

Rannveig: Ég er nýflutt aftur í bæinn frá Reykjavík. Þó við séum svona nánar vinkonur hringdumst við ekki mikið á þegar ég var í burtu því við fengum allar fréttir hver frá annarri á síðunni.

Guðný: Mamma býr fyrir sunnan og hún fer daglega inn á síðuna. Þess vegna veit hún allt þegar ég hringi í hana og ég fæ aldrei að segja henni fréttir. Hún er alltaf búin að

lesa það áður en ég fæ færi á því.

Margrét: Upphaflega var síðan fyrir okkur sjálfar og við munum halda henni á lofti þó að allir aðrir hætti að kíkja á hana.

Rannveig: Við erum rosa-lega nánar og það var mjög erfitt að flytja í burt og geta ekki hitt stelpurnar daglega. En að vera í sambandi við þær í gegnum síðuna hjálpaði mikið til.

Erla: Við erum einfaldlega gelgjur sem finnst gaman að láta eins og fiffl.

Guðný: Maður hefur verið spurður hvort nokkuð sé að gera á Ísafirði þar sem ekki er keilusalur eða Dómínós og ekki bíó nema endrum og eins, en það skiptir bara engu máli. Mér finnst alveg ótrúlega gaman að búa á Ísafirði af því að við gerum það skemmtilegt. Ég væri líklega löngu flutt ef ég hefði ekki kynnst Mellunum.

Margrét: Höfuðstöðvar okkar eru á Langa Manga sem eiginlega er okkar annað heimili. Við höfum átt ófá skemmtileg kvöld á Langa.

Hafdís: Við erum allar mjög ólíkar en samt svo líkar. Fólk hefur einmitt haft á orði hve gaman það sé að sjá á skrifunum hversu ólíkar við erum.

Greinilegt er að stúlkurnar fimm eru mjög góðar vinkonur sem hafa gaman af lífinu. Vefrápendur munu eflaust hafa gaman af síðunni þeirra enn um sinn. Líklega er það einmitt lífsgleðin sem gerir vefsíðuna svona vinsæla. – *thelma@bb.is*

ritstjórnargrein

Pangað liggur ekki beinn og breiður vegur

Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að ekki skuli vera kominn vegur með bundnu slitlagi frá Reykjavík til Ísafjarðar. Eitthvað á þessa leið komst einn þingmanni Reykjavíkur að orði í umræðunni um samgönguáætlun fyrir árin 2005 til 2008 og hitti þar með naglann á höfuðið í þann mund er forseti Alþingis setti enn eitt hraðametið í árlegri færbandaafgreiðslu þingheims fyrir þinghlé; vinnubrögðum, sem mýmörg dæmi frá liðnum árum sanna, að betur hefðu ekki verið viðhöfð. Það er rétt hjá þingmanninum að auðvitað tekur það ekki neinu tali að eftir áratuga hjakk skuli veginum um Ísafjarðardjúp ekki enn lokið. Og óvíst með öllu um endalok! Hvílík hagsýni!

Umræðan á hinu háa Alþingi um samgönguáætlunina, þar sem höfuðborgarbúum og landsbyggðarfólki var att saman á mælistikum þarfa og framlags til þjóðarbúsins, sýnir að þegar sviður á eigin skinni ristir rembingurinn um eina þjóð í einu landi grunnt og að enginn er annars bróðir í leik. Líklegt er að umræðunnar verði öðru fremur minnst fyrir stóryrta yfirlýsingu um hversu „arfavitlaus“ áætlunin væri og kappsfullra yfirlýsinga þingmanna um að „standa við loford sín“, hvað sem öllu öðru liði.

Bæjarins besta ætlar ekki að samgönguáætlun árinna 2005 til 2008 sé á nokkurn hátt „arfavitlaus“. Hitt er aftur á móti augljóst að ef þingmenn hefðu lagt jafn mikið upp úr því að standa við eitthvað af fyrri tíma lofordum í samgöngumálum, og þeir hyggjast nú gera, væri fyrir fyrir löngu kominn beinn og breiður vegur með bundnu slitlagi til Ísafjarðar!

Sú var uppi tíð á Íslandi að megin tekjur þjóðarbúsins urðu til í sjávarbyggðum hringinn í kringum landið. Tímabundið var framleiðsla Vestfirðinga einna nálægt þriðjungi verðmæta freðfisksölu á Bandaríkamarkað. Af vegagerð á Vestfjörðum, eða aðkomu ríkisvaldins að atvinnuskapandi stórverkefnum hér um slóðir, verður ekki séð að Vestfirðingar hafi notið þessa. Hefði svo verið hefði þingmaður Reykvíkinga ekki getað nýtt sér moldarvegi á milli höfuðborgarinnar og höfuðstaðs Vestfjarða til áherslu fyrir auknu fjármagni til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu.

Vegakerfið varðar þjóðina alla. Ekki bara þann hluta hennar þar sem bílarnir eru flestir og bensíneyðslan mest. Vandamál samfélagsins verða ekki leyst með því að efna til ófriðar milli þéttbýlisins á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðarinnar.

s.h.

orðrétt af netinu

„Hugsaðu um hagvöxtinn maður“

Orðræða stjórnmalanna getur oft verið erfið viðureignar. Hér á Múrnum hefur t.a.m. nokkrum sinnum verið rætt um hugtök á borð við „hagkvæmni“, „kaupmáttaraukningu“ og „hagvöxt“ og hvernig þessi viðskiptahugtök eru orðin óumdeild í pólitískri orðræðu. Fáir þora að segja að hagvöxtur sé ekki góður enda felst eitthvað gott í vaxtarhugtakinu. Sama má segja um kaupmáttaraukningu enda felst það í orðinu aukning að hún sé jákvæð.

Þannig hefur orðræða hagfræðinnar náð undirtökum í pólitískri orðræðu. Önnur hugtök eru þar hins vegar bannorð.

Sem dæmi má nefna orðin „leiðinlegt“ og „skemmtilegt“. Það þorir ekki nokkur stjórnmalamaður að hafa skoðun út frá því að eitthvað sé leiðinlegt eða skemmtilegt. Aðrir stjórnmalamenn myndu þá bara hrista höfuðið með vanþóknunarsvip og segja með þjósti: „Hugsaðu um hagvöxtinn, maður!“

murinn.is – Katrín Jakobsdóttir

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 ·

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is ·

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltaðóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is ·

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is ·

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson ·

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.

Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og

örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X

Íbúáþing haldið í íþróttahúsinu á Torfnesi

„Allir hafa möguleika á að koma sínu á framfæri“

Íbúáþing verður haldið í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísa-

firði laugardaginn 21. maí nk. Á þinginu verður íbúum sem áhuga hafa á að hafa áhrif á umhverfi sitt skipt í hópa sem vinna í mismunandi málaflokkum. „Það verður boðið upp á tvenns konar hópa, annars vegar skipulagshópa þar sem unnið verður með kort og loftmyndir, og hins vegar umræðuhópa“, segir Sigurborg

Kr. Hannesdóttir, verkefna-

stjóri hjá fyrirtækinu Alta sem hefur umsjón með þinginu. „Okkar tilgangur er að hlusta á hugmyndir íbúanna og stýra umræðum inni í hópunum. Pólitíkusarnir verða settir á hliðarlínuna. Almennir íbúar þekkja umhverfi sitt mjög vel og það er verðmætt að bæta þeirri þekkingu við kunnáttu fagmanna. Maður þarf ekki að vera sérfræðingur

í skipulagsmálum til að hafa eitthvað fram að færa. Þingið verður ekki eins og venjulegur borgarafundur, heldur verður þarna unnin lifandi og skapandi vinna þar sem allir hafa möguleika á að koma sínu á framfæri.

Íbúáþingið sjálft verður á laugardag, en seinni hálfleikur verður svo á mánudagskvöld þegar niðurstöður þingsins verða kynntar fyrir íbúum“,

segir Sigurborg.

Meðal annars verður rætt um byggðakjarna, þróun dreifbýlis, samgöngur, útivist og frístundasvæði, umhverfi, umgengni og ásýnd, heildarmynd Ísafjarðarbæjar og framtíðarsýn í fræðslu- og skólastarfi frá leikskóla til háskólanáms

Íbúáþingið hefst kl. 10, en kynning niðurstaðna fer fram á 4. hæð Stjórnsýsluhússins kl. 20 að kvöldi mánudags.



Skemmtiferðaskipið Europa við ankeri í Skutulsfirði.

Nítján skemmtiferðaskip hafa boðað komu sína til Ísafjarðar í sumar

Von á 9.500 farþegum

Enn eru skemmtiferðaskip að boða komu sína til Ísafjarðar í sumar og eru áætlaðar komur nú 19 talsins. Þrátt fyrir að það sé áþekkur fjöldi og í fyrra eru skip sumarsins töluvert stærri og hefur farþegunum fjölgað úr 6.300 í 9.500. Samanlagt eru skipin tæplega 330.000 tonn en í fyrra voru

þau samanlagt um 200.000 tonn.

Nokkur skipanna munu ekki leggjast að bryggju vegna stærðar sinnar heldur liggja úti á Skutulsfirði og má þar nefna Prinsendam, Seven Seas Navy og MS Maasdam. Fyrsta skip sumarsins er væntanlegt 13. júní, Costa Allegra sem er

30.000 tonn og mun liggja við ankeri úti á firðinum. Stærsta skip sumarsins, Maasdam, er jafnframt stærsta skip sem komið hefur til Ísafjarðar, um 55.000 tonn. Það er í eigu skipafélagsins Holland and American Line sem sendi fyrsta skip sitt til Ísafjarðar í fyrra, Prinsendam sem boðað

hefur komu sína aftur í sumar. Þess má geta að skipafélagið hefur bókað komur þriggja skipa sinna á næsta ári.

Flest sigla skipin undir fána Bahamaeyja, en önnur eru frá Finnlandi, Þýskalandi, Portúgal, Lýbíu, Hollandi og Grikklandi.

– thelma@bb.is

Mestur umferðarþungi frá Ísafjarðarflugvelli til Bolungarvíkur

Yfir 1000 bifreiðar fara um veginn á sólarhring

Þjóðvegur 61 frá flugvelli- num á Ísafirði til Bolungarvíkur er eini vegkaflinn á Vestfjörðum þar sem fleiri en 1000 bílar fóru um á hverjum sólarhring á síðasta ári. Kemur þetta fram í nýútkomnum fram-

kvæmdafréttum Vegagerðarinnar. Á þessum vegkafla varð þó ekkert banaslys frá árinu 1998-2004.

Á sama þjóðvegi frá flugvelli- num á Ísafirði til Súða- víkur fóru milli 500 og 1.000

bílar á hverjum sólarhring og létust þar 4 í umferðarslys- um á áðurgreindu tímabili. Þá varð eitt banaslys í Öfundar- firði, eitt á Gemlufallsheiði, eitt við Bíldudal, eitt í Þorska- firði og eitt í Steingrímsfirði á

fyrirgreindu tímabili. Víðast hvar á norðanverðum Vestfjörðum var umferðarþungi milli 500 og 1.000 bílar á dag. Athygli vekur að minni umferðarþungi er í Dýrafirði en á Gemlufallsheiði.

Rúmlega 44 þúsund manns fóru um Ísafjarðarflugvöll á síðasta ári

Tekjur vallarins jukust um 50% milli ára

Tekjur Ísafjarðarflugvallar á árinu 2004 jukust um 50,5% frá árinu á undan. Þetta kemur fram í skýrslu Sturlu Böðv- arssonar samgönguráðherra um framkvæmd samgöngu- áætlunar ársins 2004 sem lögð var fram á Alþingi fyrir stuttu. Tekjur flugvallarins voru í fyrra tæplega 8,7 milljónir króna en árið áður voru þær tæpar 5,8 milljónir króna. Lendingargjöld voru 3,4 millj- ónir króna, leigutekjur voru 2,3 milljónir króna og verksala og þjónusta skiluðu tæpum 2,9 milljónum króna í tekjur. Rekstur flugvallarins kostaði hins vegar tæpar 49,3 milljónir króna á árinu 2004 og höfðu útgjöldin aukist úr rúmum 43,4 milljónum króna frá árinu 2003. Í þessum tölum er rekst-

ur flugturnsins sem nam tæp- um 11 milljónum króna árið 2004. Hlutfall tekna af gjöldum Ísafjarðarflugvallar á síðasta ári var því 17,6% og framlag á hvern farþega var 903 krónur. Þetta hlutfall tekna er með því besta sem gerist á flugvöllum á Íslandi. Aðeins Reykjavíkur- flugvöllur skilar hærra tekju- hlutfalli eða 26,2% en þar er framlag á farþega hins vegar aðeins 565 krónur. Til saman- burðar má nefna að tekjuhlut- fall á Akureyrarflugvelli er 12,8%, á Egilsstaðaflugvelli er tekjuhlutfallið 13,3%, og aðeins 6,1% á flugvöllum í Vestmannaeyjum. Í áðurnefndri skýrslu kemur einnig fram að á árinu 1982 fóru 44.013 farþegar um Ísa-



Frá Ísafjarðarflugvelli.

fjarðarflugvöll en árið 2004 voru þeir 45.395 og hefur því fjölgað um 3,1%. Á þessu ára- bili hefur flugfarþegum á land- inu öllu hins vegar fjölgað úr

510.302 árið 1982 í 809.717 árið 2004. Hefur því hlutfall farþega sem fara um Ísafjarð- arflugvöll farið úr 8,6% árið 1982 í 5,6% árið 2004. Á sama

tíma fækkaði farþegum um Þingeyrarflugvöll úr 2.449 árið 1982 í 662 árið 2004. Á Vestfjörðum í heild fóru 66.077 farþegar um flugvelli

árið 1982 eða 11,5% af heild- arfarþegafjölda. Árið 2004 fóru 50.993 farþegar um flug- velli á Vestfjörðum eða 6,3% af heildarfarþegafjölda.

Götusópari notaður til að tæta upp mosa

Götusóparar geta verið til margs nýtilegir en einn slíkur var brúkaður til að mosatæta garð á Ísafirði í síðustu viku. „Þetta er gott ráð þegar mikill mosi er í gördum en í þessu tilfelli hafði garðeigandinn gefist upp á að handreita mosann“, segir Rúnar Þór Brynjólfsson, eigandi Véla- leigunnar Hnokka. Aðspurður hvort mikil eftirspurn sé eftir því að láta götusópa garða segir Rúnar að um sé að ræða frumraun. „Það þrælvirkaði, mosinn tættist upp og svo er honum bara rakað saman aftur.“ Unnt er að óska eftir mosatætingu ásamt ýmislegu öðru í garðavinnu hjá Véla- leigunni Hnokka í síma 895-3595. — *thelma@bb.is*



Götusóparinn tætti upp mosann.

Fyrsta golfmót sumarsins

Snorri Karl sigraði

Snorri Karl Birgisson í Golfklúbbnum Glámu (GGL) sigraði í fyrsta móti Golfklúbbs Ísafjarðar í sum- ar sem haldið var á Tungu- dalsvelli á sunnudag. Snorri Karl var með 43 punkta og var einnig með besta skorið en hann lék holurnar 18 á 78 höggum.

Í öðru sæti varð Jón Ingi Grímsson hjá Golfklúbbi

Bolungarvíkur með 39 punk- ta og í þriðja sæti var Elías Jónatansson (GBO). Nánd- arverðlaun á 6./15. braut hlaut Vilhjálmur Antonsson (GÍ) en golfkúlan hafnaði 1,75 metra frá holunni og nándarverðlaun á 7./16. braut hlaut Jóhannes Krist- inn Ingimarsson (GGL) en þar endaði kúlan 1,08 metra frá holunni.— *thelma@bb.is*

Áhugafólk um eflingu landsbyggðarinnar

Heldur kynning- arfund á Ísafirði

Samtökin „Landsbyggðin lífi“ halda kynningarfund í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði klukkan 20:30 í kvöld. Ragnar Stefánsson, jarðskjálftafræð- ingur frá Laugasteini í Svarf- aðadal og formaður samtak- anna, mun fjalla um markmið og starfshætti þeirra. Þá mun Sveinn Jónsson bóndi á Ár- skógsströnd fjalla um reynsl- una af starfi Framfarafélags Dalvíkurbyggðar, en félagið er aðili að samtökunum Lands- byggðin lífi. Að loknum fram-

söguerindum verða almennar umræður þar sem fyrirspurn- um fundargesta verður svarað. „Landsbyggðin lífi - LBL, er hreyfing fólks sem vill efla byggð um land allt. Áhersla er lögð á að tengja fólk saman, mynda samstarfsvettvang fyrir einstaklinga og hvers konar áhugamannafélög, sem hafa það á stefnu sinni að styrkja heimabyggðina. Meiri upplýs- ingar má t.d. finna á www. landlif.is“, segir í tilkynningu. — *halfdan@bb.is*

Háskólasetur Vestfjarða ses

auglýsir eftir umsóknum um starf

forstöðumanns



Háskólasetur Vestfjarða var stofnað með sérstakri skipulagsskrá sem samþykkt var á stofnfundi set- ursins 12. mars 2005. Tilgangur þess er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rann- sókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, og vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefn- um á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar. Aðilar Háskólasetrinu eru stofnanir, félög og fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, þróun eða annað þekkingarstarf. Heimili þess og aðalstarfsstöð er á Ísafirði.

Forstöðumaður stýrir uppbyggingu og rekstri Háskólasetursins í umboði stjórnar og annast daglegan rekstur þess. Hann fer með fjármál og reikningshald setursins og ræður fólk til starfa. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningasamningi og sérstakri starfslýsingu. Stjórn Háskólaseturs ræður forstöðumann.

Umsækjandi skal vera með meistara- eða doktorsgráðu á sínu sviði eða sambærilega menntun . Hann skal hafa reynslu af rekstri og stjórnunarstörfum og hafa þekkingu á akademísku umhverfi. Hann þarf að geta starfað sjálfstætt, haft frumkvæði í krefjandi uppbyggingastarfi, deilt verkefnum til annarra og skapað sterka liðsheid.

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda, stjórnunarreynslu, rannsóknir og rit- smíðar, og hver þau önnur verkefni sem hann hefur unnið við og varpa ljósi á færni hans til að sinna starfinu. Ennfremur yfirlit um námsferil og afrit af prófskírteinum. Umsókninni skal fylgja greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfið og hvernig hann sér fyrir sér uppbyggingu þekkingarstarfs til lengri framtíðar.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en 10. júní n.k. til stjórnar Háskólaseturs Vestfjarða, c/o Halldór Halldórsson, formaður, Stjórnsýsluhúsinu 400 Ísafirði. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Fyrirspurnir um starfið, merktar: „forstöðumaður“ skulu sendar á netfang bstj@isafjordur.is



Útboð á Ísafirði

Vegagerðin óskar hér með eftir tilboðum í verkið „Ísafjörður, skrifstofa – viðbygging og breytingar.

Verkið felur í sér stækkun og breytingu á skrifstofuhúsnæði Vegagerðarinnar, Dagverðardal, Ísafirði.

Helstu verkþættir eru:

- Gröftur, uppfilling, uppsteypa sökkla og plötu, frágangur grunnlagna.
- Uppsteypa og frágangur veggja og þaks.
- Frágangur milliveggja og niðurtekinn lofta, málun inni.
- Lagning vatns-, hita- og raflagna.
- Frágangur innanhúss.

Stækkun skrifstofunnar er um 110m² og 373m³.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. mars 2006. Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Vegagerðinni, Dagverðardal, Ísafirði, frá og með þriðjudeginum 17. maí 2005.

Tilboðum skal skilað á sama stað mánu- daginn 30. maí 2005 kl. 15:00.

Vegagerðin, rekstrardeild.



Bolungarvíkurkaupstaður

Fasteignir til sölu

Bolungarvíkurkaupstaður vekur athygli á að til sölu eru fasteignir sem tilheyra félagslega íbúðakerfinu.

Sem dæmi má nefna:

Blokkaríbúðir – Þjóðólfsvegi og Stigahlíð.

Raðhús – Móholti.

Einbýlishús – Völusteinsstræti.

Húsnæðisnefnd Bolungarvíkur.



Kirkjubjónn

Ísafjarðarsókn auglýsir laust starf kirkjubjóns. Um er að ræða fullt starf, sem inni þarf af hendi bæði á virkum dögum og um helgar. Starfið er fjölbreytt og felst meðal annars í skrifstofuvinnu og ræstingum, umsjón með kirkjumunum ásamt þátttöku í kirkjulegum athöfnum og safnaðarstarfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf nú í sumar.

Umsóknir skulu hafa borist sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju, pósthólf nr. 18, 400 Ísafirði, fyrir 28. maí nk. Upplýsingar veita Helga Friðriksdóttir, formaður sóknarnefndar í síma 456 4017 og sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur í síma 456 3171.

Sjónvarp með ADSL tækni í boði á Ísafirði í lok maí

Ný símastöð byggð á Skeiði fyrir íbúa í Holtahverfinu

Síminn bíður íbúum á Ísafirði aðgang að sjónvarpi með ADSL tækni fyrir lok þessa mánaðar. Íbúar í Holtahverfi verða þó að bíða hinnar nýju tækni þar til í síðari hluta ágúst. Bætist Ísafjörður því í hóp fjölda annarra byggðarlaga á landinu þar sem þessi nýja tækni er í boði en hún var fyrst tekin í notkun í Bolungarvík í vetur. Hefur hún almennt reynst mjög vel. Stofngjald hinnar nýju þjónustu er 3.995

krónur.

Þeir sem eru með ADSL tengingu frá Símanum fá ókeypis aðgang að Skjá Einum, Ríkissjónvarpinu og Skjá Sporti sem hefur í boði fleiri beinar útsendingar og endursýningar leikja í ensku deildarkeppninni í knattspyrnu. Þá er einnig í boði pakki sem nefndur er Topp 10 þar sem 10 stöðvar eru í boði. Auk þeirra er áður eru nefndar eru þar DR1, BBC Prime, Discovery

Channel, Sky News, Cartoon Network, MTV og Eurosport. Afnotagjald fyrir þessar stöðvar er 1.695 krónur á mánuði.

Samkvæmt upplýsingum frá Símanum verður íbúum á Ísafirði kynnt þessi þjónusta á næstu dögum. Því miður fá ekki allir íbúar Skutulsfjarðar notið þessarar nýju þjónustu því í dag barst til íbúa í Holtahverfi bréf frá Símanum þar sem tilkynnt er að þar sem sálmálinur frá símastöð til Holta-

hverfis eru lengri en þrír kílómetrar sé ekki hægt að bjóða þessa nýju þjónustu í hverfinu fyrir en byggingu nýrrar símastöðvar lýkur á Skeiði. Reiknað er með því að það verði í ágúst mánuði og geta íbúar Holtahverfis eftir það nýtt sér þessa nýju tækni.

Skráning hinnar nýju þjónustu Símans mun fara fram á sérstakri skráningarsíðu á heimasíðu Símans.

– hj@bb.is

Bakkavegur endurbyggður

Miklar framkvæmdir eru hafnar á Bakkavegi í Hnífsdal og eins og sjá má á meðfylgjandi mynd mega íbúar götunnar og aðrir sem erindi eiga um hana þurfa að bíða eitthvað fram á sumar með að aka bílum sínum um götuna. Í raun er verið að endurbyggja Bakkaveg frá grunni. Gatan mun hafa verið verulega lúin og allar lagnir í henni handónýtar.

„Það er verið að skipta um allar lagnir og endurnýja götuna“, segir Jóhann Birkir Helgason, bæjartækni- og fræðingur Ísafjarðarbæjar. „Þeir byrjuðu núna 3. maí og eiga að verða búnir að ganga frá undir malbik þann 15. júlí. Það verður kannski hægt að hleypa umferð á götuna tímabundið um mánaðarmótin júní/júlí, en svo verður gatan malbikuð“, segir Jóhann Birkir. Úlfar ehf. hefur verkið með höndum, en Síminn og Orkubúíð taka einnig þátt í framkvæmdunum.

– halfdan@bb.is



Eins og sjá má verður umferð ekki hleypst á götuna í bráð.

Ísafjarðarbær vill samstarf sveitarfélaga um fjármögnun vegar um Arnkötludal

„Flýtiframkvæmd á mjög arðsömu samgöngumannvirki“

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti samhljóða í síðustu viku að óska eftir afstöðu Bolungarvíkurkaupstaðar, Hólmavíkurhrepps, Reykhólahrepps og Súðavíkurhrepps til þess að sveitarfélögin fjármagni í sameiningu vegagerð um Arnkötludal og Gautsdal. „Um væri að ræða flýtiframkvæmd á mjög arðsömu samgöngumannvirki, sem gagnast öllum þessum aðilum á margvíslegan hátt“, eins og segir orðrétt í samþykktinni.

Ígreinargerð með tillögnum kemur fram að í nýsamþykktri samgönguáætlun á árunum 2005-2008 séu fjárveitingar til vegafarmkvæmda á Vestfjörðum langt undir því sem nauð-

synlegt getur talist. Þörf á bættum vegum sé óvída meiri en á Vestfjörðum en samgönguáætlun endurspeglir þá staðreynd ekki. Þá segir að samstaða hafi ríkt um að ljúka þurfi framkvæmdum í Ísafjarðardjúpi og að samhliða því hafi bæjarstjórn talið vegagerð um Arnkötludal og Gautsdal vera forgangsverkefni sem brýnt sé að hefjast handa við nú þegar. Þá kemur fram í greinargerðinni að ítarleg gögn liggi fyrir um framkvæmdina sem unnin hafa verið fyrir tilstilli Leiðar ehf. í Bolungarvík og ástæða sé til þess að styðjast við þau.

Samþykkt bæjarstjórnar kemur í kjölfar samþykktar Al-

þingis á samgönguáætlun á árunum 2005-2008 er Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lagði fram fyrir nokkru. Í henni er gert ráð fyrir fjárveitingum til þverunar Mjóafjarðar og tengingar við þjóðvegakerfið en ekki er talið að fjárveitingar dugi til að ljúka þeirri framkvæmd að fullu á tímabilinu nema að til komi verulega hagstæð útboð. Þá er í áætluninni gert ráð fyrir 100 milljóna króna framlagi til vegar um Arnkötludal árið 2008. Samgönguáætlunin féll í mjög grýttan jarðveg hjá sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum og samþykktu flest sveitarfélög ályktanir þar sem lýst var vonbrigðum með

hana.

Undanfarnar vikur hafa sveitarstjórnarmenn rætt möguleika á fjármögnun framkvæmdanna í Arnkötludal og Gautsdal og viðraði Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðar og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga þessar hugmyndir í viðtali við bb.is. Þá lýsti Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps sig fylgjandi því að skoða hugmyndina. Jónas Guðmundsson formaður stjórnar Leiðar ehf. lýsti því yfir í viðtali við vefinn fyrir nokkru að félagið væri tilbúið í viðræður við sveitarfélög um framkvæmdina.

– hj@bb.is



Fasteignaverð stígur í Bolungarvík

Fasteignaverð í Bolungarvík hefur stigið að undanfögnu samkvæmt tölum sem Fasteignamat ríkisins tók saman fyrir bæjarstjórn Bolungarvíkur. Samkvæmt tölunum hafa verið nokkrar sveiflur á fasteignaverði á liðnum árum en það sem af er þessu ári hefur meðalverð stigið nokkuð. Á árinu 2003 voru gerðir 20 kaupsamningar í Bolungarvík að fjárhæð 101,7 milljónir króna og var því meðalverð tæpar 5,1 milljónir króna á hverja sölu. Á árinu 2004 voru

gerðir 12 samningar að upphæð rúmlega 40,1 milljón króna og var meðalverð rúmar 3,3 milljónir króna. Það sem af er ársins 2005 hafa verið skráðir átta kaupsamningar að fjárhæð tæpar 58,8 milljónir króna og er meðalverð á íbúð því rúmar 7,3 milljónir króna. Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík segir mikla niðursveiflu ársins 2004 skýrast af því að þá var seldur óíbúðarhæfur stigagangur í fjölbýlishúsi í bænum. Þar voru því 5 íbúðir seldar á afar lágu verði.

Einar segir greinilegt að það sem af er ársins hafi fasteignaverð stigið nokkuð og nefnir í því sambandi að húsnæðisnefnd Bolungarvíkur hafi nýverið samþykkt tvö kaupþilboð í húseignir í eigu nefndarinnar á heldur hærri verði en áður hefur verið gert. Þá hefur leigumarkaðurinn í Bolungarvík einnig verið að taka við sér að undanfögnu. Segir Einar að íbúðum í útleigu á vegum húsnæðisnefndar hafi fjölgað nokkuð að undanfögnu og hafi ekki verið jafn margar íbúðir í

útleigu í mörg ár. Á árunum 2002 og 2003 voru að jafnaði 15-20 íbúðir lausar í eigu nefndarinnar en í dag eru einungis 3-4 íbúðir lausar en það eru íbúðir sem eru í slæmu ásigkomulagi. Nefndin geti því í raun ekki annað eftirspurn eftir leiguíbúðum.

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík segir þessa þróun afar ánægjulega því fasteignamarkaðurinn hafi verið mjög dapur í Bolungarvík á liðnum árum.

– hj@bb.is



Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði.

Fæðingum fjölgar að nýju

Á árinu 2004 fæddust 108 börn á Vestfjörðum sem er fjölgun um 12 börn frá árinu 2003 sem var eitt öfrjósamasta ár í manna minnum. Mest urðu umskiptin í Ísafjarðarbæ þar sem fæðingum fjölgaði um tæpan helming á milli ára. Enn er þó gríðarlega langt í land til þess að Vestfirðingar nái fyrri frjósemi.

Þetta kemur fram í nýjum tölum Hagstofu Íslands. Frá árinu 1991 hafa að meðaltali 140 börn fæðst árlega á Vestfjörðum þannig að árið 2004 er langt undir meðaltali. Mesta athygli vekur sveifla milli áruna 2003 og 2004 hjá íbúum Ísafjarðarbæjar. Árið 2003 voru fæðingar aðeins 41 talsins en í

fyrri fæddust 60 börn í bænum. Frá árinu 1991 hafa að meðaltali fæðst 74 börn í Ísafjarðarbæ og er því töluvert í meðaltalið ennþá þrátt fyrir mikla fjölgun í fyrri. Árið 2003 hlýtur að vera rannsóknarnefni fyrir sérfræðinga, svo fáar voru fæðingarnar. Sem dæmi má nefna að árið 1994 fæddust 107

börn í Ísafjarðarbæ. Þó má segja að steininn hafi tekið úr eftir árið 1998 því árin 1991-1998 fæddust að meðaltali 89 börn í Ísafjarðarbæ en á árunum 1999-2004 er meðaltalið aðeins 55 börn. Er því ljóst að Eyjólfur þarf verulega að hressast eigi að takast að ná meðaltali fyrri ára. – hj@bb.is

Dýrafjarðardagar 2005 haldnir í byrjun júlí

Viðameiri dagskrá í ár

Undirbúningur fyrir Dýrafjarðardaga 2005 er hafinn en hátíðin verður haldin fyrstu helgina í júlí. „Við erum byrjuð að skipuleggja, velta upp hugmyndum og leggja drög að dagskrá en ennþá er allt á byrjunarstigi. Ekkert hefur verið fastráðið

en stefnt er að því að hafa meiri dagskrá í kringum útivistarsvæðið okkar“, segir Erna Höskuldsdóttir, ein þeirra sem sitja í undirbúningsnefnd. Dýrafjarðardagar verða nú haldnir í fjórða sinn en hátíðin hefur vakið mikla lukku undanfarin ár.

Þá var nýtt og veglegt úti- vistsvæði í vikingastíl vígt á hátíðinni í fyrri með grillveislur sem á fimmta hundrað manns sátu. Eins og áður segir er dagskráin enn ómótuð og vill Erna nota tækifærið til að auglýsa eftir þátttakendum og góðum hugmyndum. „Ef ein-

hverjir hafa góðar hugmyndir eða vilja selja eða kynna eitthvað á hátíðinni þá hvetjum við þá til að koma þeim á framfæri.“ Áhugasömum er bent á að hafa samband við Erna í síma 456-8425 eða Guðrúnu Bjarnadóttir í síma 456-8127. – thelma@bb.is



Stjórnarkjör

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarmannaráðs fyrir starfsárin 2005 og 2006 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því ber að skila lista skipuðum formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara ásamt 30 mönnum í trúnaðarmannaráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og tveimur til vara eða tillögum um menn í eitt hvert, einhver eða öll stjórnarsætin sem kjósa skal til.

Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 25 fullgildra félagsmanna.

Listi stjórnar og trúnaðarmannaráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins og er birtur á vefsíðu þess www.verkvest.is

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Pólgötu 2, Ísafirði eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 26. maí 2005.

Ísafirði 12. maí 2005,

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga.



Atvinna

– vélasamsetning

Vegna aukinna verkefna vantar okkur traustann og vandvirkann starfsfélaga sem getur hafið störf sem fyrst. Járníðnaðarmaður og/eða reynsla í smíði á ryðfríu stáli er æskileg.

Í boði er 100% starf við suðu og samsetningu á hátæknilegum flokkara- og pökkunarbúnaði.

Hringið og fáðið frekari upplýsingar hjá Gestí (gestur@pols.is) eða Unn (unn@pols.is) í síma 456 6400.

Umsóknarfrestur er til 26. maí 2005.

Er Snerpa í þér?

Sölu og markaðsstarf í Snerpu Internetþjónustu.

Ert þú... klár, sjálfstæður, frumlegur, snyrtilegur, lærður og áhugasöm/samur?

Hefur þú... vit á netinu, reynslu og þekkingu af sölu og markaðsmálum, áhuga á lífandi starfi hjá framsæknu fyrirtæki á Ísafirði?

Sendu upplýsingar á matthildur@snerpa.is og við höfum samband.





Fólki svipar saman hvort ur er í Grunnavík eða Kú

– rætt við Rannveigu Ragúelsdóttur úr Brautarholti í Skutulsfirði um sjálfstæðisbaráttu Kúrda og fólk sem hefur þurft að yfirgefa jarðir sínar í Grunnavík og Sýrlandi

Þegar byggð var að fara í eyði í Jökulfjörðum og á Hornströndum flutti fólkíð brott og skildi eftir lífsstarf sitt og kynslóðanna á undan. Settist að á nýjum stað og hóf lífsbaráttuna á nýjan leik. Fæstir höfðu safnað miklum veraldlegum auði en því meira af þekkingu og reynslu sem safnast hafði mann fram af manni. Flestir voru þúsund þjala smiðir, víkingar til vinnu og húsbóndahollir með afbrigðum. Þeir sem hrepptu fólkíð þaðan til vinnu voru ekki sviknir. Það var velkomið þangað sem það leitaði búsetu. Gott var að leita til þessa fólks því að það var lífsreynt og hafði jafnan þurft að leysa sín vandamál upp á eigin spýtur.

Mannanöfnin norðan Djúpsins skáru sig stundum úr. Ennþá man ég eftir svipnum á viðgerðarmanninum úr Reykjavík, sem kom til að setja upp fyrstu flökunarvélina í ónefndu frystihúsi á Ísafirði, þegar verkstjórinn sagði honum að eftir hádegi kæmu honum til aðstoðar Stígur Stígsson og Ragúel Hagalínsson. Það leyndi sér ekki á svip borgarbarnsins að eitt augnablik hélt hann að Mósi væri að gera að gamni sínu. Hann var vanari Jónum og Sigurðum.

Þegar fyrri heimstyrjöldinni lauk og Ottomanveldið féll átti Kúrdistan að fá sjálfstæði. Um það var gerður samningur, meðal annars með aðild sigurvegaranna í stríðinu. Samningurinn var aldrei staðfestur þar sem Kamel Atatürk náði völdum í Tyrklandi. Endanleg synjun á sjálfstæði Kúrdistan var síðan staðfest í Ankara-samningnum árið 1925. Meðal þeirra sem aðild áttu að þeim samningi voru Bretar. Æ síðan hafa Kúrdar verið ofsóttir af Tyrkjum, Írökum, Írönum og Sýrlendingum því að Kúrdistan skiptist á milli þessara landa. Margir Kúrdar hafa orðið að yfirgefa ættjörð sína og gerast flóttamenn. Þeim var ekki alls staðar vel tekið. Hagsmunir þeirra hafa einatt síðan verið sniðgengnir af stærri þjóðum. Þeir hafa ekki eigið ríkisfang og þeir gátu lengst af ekki ferðast nema sem flóttamenn.

Kúrdar eru því þjóð án lands. Þeir eru taldir um 20 milljónir og eiga merka sögu og menningu. Margir rugla þeim saman við Araba eða Persa. Þeir voru lengst af ekki fyrirferðarmiklir í fréttum á Vesturlöndum. Frelsisbaráttu þeirra var flestum hulin. Eins og áður sagði er eitt þeirra ríkja sem þá

ofsækir Tyrkland, sem ásamt Íslandi er í NATO, samtökum sem stofnuð voru til þess að verja lýðræði í hinum vestræna heimi. Við tókum því þátt í því að loka augunum að mestu fyrir mannréttindabrotum samherja okkar, Tyrkja, á Kúrdum.

Rannveig Ragúelsdóttir var á dögnum stödd á æskulóðum sínum í Skutulsfirði við Djúp. Hún kom snögglega frá Osló til þess að kveðja móður sína Helgu Stígisdóttur og fylgja henni til grafar við hlið Ragúels Hagalínssonar eiginmanns hennar. Rannveig gekk hefðbundinn menntaveg á Ísafirði og lauk námi frá Menntaskólanum á Ísafirði 1979. Hún hugði á frekara nám en á meðan hún væri að taka endanlega ákvörðun um framhaldið ákvað hún að snyrta og pakka fisk hjá Mósa einn vetur. Þá tóku örlögin í taumana. Í 25 ár hefur hún búið í Noregi og býr þar nú ásamt eiginmanni sínum, Kúrdanum Amad Hajo, og sonum þeirra, Salar, Sípan og Fannari. Þeir hafa millinafnið Amadsson að hætti okkar Frónverja og síðan bera þeir ættarnafn föður síns. Rannveig hefur tekið þátt í og fylgst með baráttu Kúrda fyrir frelsi og ferðast um lönd þeirra, sem við hin þekkjum aðeins úr fréttum.

Ég það mína ágætu skóla-systur að setjast með mér kvöldstund og ræða um hinn kúrdneska hluta lífs hennar. Hún vissi nú ekki til þess að hún hefði frá neinu sérstöku að segja en lét þó til leiðast. Um leið og þessi rólynda stúlka hóf mál sitt fór hún strax að tala um pólitík í Kúrdistan. Ég hafði orð á því við hana að seint hefði ég trúað því að hún yrði sleip á hinu pólitíska sviði.

Allir Kúrdar ræða pólitík

„Það er nú ekki furða þó að maður ræði pólitík í dag“, segir Rannveig. „Ég held að fáir séu pólitískari en Kúrdar. Þar sem veir Kúrdar koma saman, þar er talað um pólitík. Kúrdi sem talar við sjálfan sig, hann talar um pólitík. Barátta þeirra fyrir réttindum sínum er svo samgróin þeirra lífi að það er í raun sama hvar þeir eru niður komnir í heiminum. Umræðan er hin sama. Eftir Persaflóastríðið 1991 fengu Kúrdar í Norður-Írak takmarkaða sjálfsstjórn með stuðningi Bandaríkjanna og hafa síðan reynt að byggja upp eigið land eftir sínum eigin hugmyndum. Þeir horfa mjög til gilda sem ríkja í Vestur-Evrópu og á Norðurlöndum í sinni uppbyggingu enda eru margir forystumanna þeirra menntaðir í Frakklandi og fleiri löndum í Evrópu. Þeirra leið mun því liggja að þeim viðhorfum sem

Flóttamaðurinn Amad

– Hvaðan kom Amad til Noregs? „Amad er fæddur í þeim hluta Kúrdistans sem tilheyrir í dag Sýrlandi og ólst þar upp. Ríkið Kúrdistan liggur á landamærum Tyrklands, Sýrlands, Íraks og Írans. Ríkið skiptist á milli þessara landa í dag og í öllum þessum löndum hafa þeir mátt þola mikla niðurlægingu og oft á tíðum ofsóknir. Amad kom til Noregs 21 árs gamall árið 1976. Hann flúði Sýrland áður en hann átti að hefja herþjónustu. Það var almenn herskylda í Sýrlandi en skipulagið var þannig að Kúrdum var ávallt stillt upp í fremstu víglínu ef einhverjar skæur voru. Þeir voru beinlínis notaðir sem fallbyssufóður í herjum Sýrlendinga. Þeirra beið enginn frami innan hersins, hvað svo sem þeir lögðu á sig. Amad tók því þá ákvörðun að flýja landið ásamt frænda sínum. Heimabær hans var nálægt landamærunum við Tyrkland og þeir fóru fyrst til Tyrklands í laumi til þess að útvega sér fölsuð tyrknesk vegabréf. Síðan héldu þeir aftur heim til Sýrlands og undirbyggju flóttann. Ekki þýddi að gefa sig fram í Tyrklandi því þó að það land ætti að heita vestrænt, þá náði það ekki til Kúrda og allir kúrdískir

vegar ekki eins miklir bókstafstrúarmenn þrátt fyrir að þeir finnist í þeirra röðum líka. Kúrdar eru til dæmis mun jákvæðari gagnvart vestrænum gildum heldur en Arabar. Svo er líka skemmtilegt frá að segja, að Kúrdar hafa svipaðan hómor og Íslendingar. Ég varð mjög hissa þegar ég áttaði mig á því. Einhverju sinni sátum við á mannamóti í Noregi og fólk var að gera sér glaðan dag. Við borðið sátu Norðmenn, Íslendingar, Kúrdar og fólk af fleiri þjóðernum. Þegar menn sögðu brandara hlögu Kúrdar og Íslendingar að sömu hlutunum. Þá fór ég að fylgjast með þessu og sannfærðist að lokum að eitthvað er í þjóðarsál okkar sem líkist kúrdísku þjóðarsálinni. Kúrdar hafa mikinn metnað því þeir hafa alltaf þurft að berjast fyrir tilveru sinni. Það hefur mótað þá mikið. Þeir hafa alltaf þurft að treysta á sjálfa sig vegna þess að nágrannar þeirra hafa allir farið illa með þá. Þeir hafa í raun ekki getað leitað á náðir neinnar þjóðar. Aðeins getað treyst á sjálfa sig.“

Svarta gullið freistar margra

– Af hverju hafa allar þessar þjóðir farið svona illa með Kúrda? Hafa þeir komið sér svona illa þar sem þeir hafa verið? „Nei, ástæðan er að mestu fólgin í einu orði: Olía. Í Kúrdistan eru miklar olíulindir, sem allir vildu eiga. Það vildu því margar þjóðir fá sinn skerf af þeim og þrátt fyrir að ekki væru neinir kærleikar á milli Tyrkja, Íraka, Írana og Sýrlendinga, þá gátu þeir þó komið sér saman um að skipta Kúrdistan á milli sín. Ástæðan er því efnahagslegs eðlis.“ – Þegar Amad flúði frá Sýrlandi, heldur þú að hann hafi verið með það í huga að hann væri að fara frá sínu heimalandi fyrir fullt og allt? „Nei, það gerir enginn flóttamaður. Ég held að allir flóttamenn fari með þá von í brjósti að geta snúið aftur. Að þeir séu að flýja tímabundið ástand heima fyrir og í leiðinni sé hægt að ná sér í freynslu eða menntun, sem hægt verði að nýta þegar aftur er snúið. Ég trúi því að þannig hugsi allir flóttamenn innst inni. Amad fór fyrst til Frakklands og síðan til Noregs. Á þessum árum voru réttindi flóttamanna ekki mikil og þegar hann kom til Noregs var honum stungið beint í fangelsi þar sem hann mátti dúsa í einn mánuð. Þegar hann síðan losnaði leystust hans mál og það var vel tekið á móti honum úti í þjóðfélaginu. Þá voru ekki margir flóttamenn komnir til landsins þannig að það var næga vinnu að hafa. Fyrstu árin eftir að við kynntumst bjuggum við í Osló en árið 1983 fluttum við til Volda þar sem ég fór í fóstrunám og hann í fjölmiðlafræði. Við vorum þar í þrjú ár og

fluttum að því loknu aftur til Oslóar. Þegar við komum aftur þangað fékk ég strax vinnu við mitt fag. Á þessum árum sem við vorum í Volda fjölgaði flóttamönnum mjög mikið í Noregi þannig að fljótlega eftir að við komum til Oslóar fer Amad að vinna sem túlkur fyrir flóttamenn. Þegar hann flúði frá Sýrlandi talaði hann arabísku og kúrdísku þannig að hann gat túlkað fyrir stóra hópa flóttamanna.“ – Þegar fólk flúði frá löndum í Austur-Evrópu var fjölskyldum sem eftir sátu oft refsað. Hvernig var það í Sýrlandi? „Þegar hann flúði höfðu margir ættingjar hans flúði í gegnum tíðina en Sýrlendingar refsðu ekki þeim sem eftir sátu. Fjölskylda Amads hafði hins vegar alla tíð verið mjög áhrifamikil í baráttu Kúrda og fyrir þá baráttu hafði mörgum þeirra verið refsað með fanga-vist. Hann þurfti ekki að hafa áhyggjur af sínu fólki þótt hann yfirgæfi landið. Hins vegar fylgdust Sýrlendingar mjög vel með þeim sem yfirgáfu landið og lögðu greinilega mikla vinnu í það. Það er mjög óraunverulegt þegar maður uppgötvar að fylgst hefur verið með ferðum manns áratugum saman.“

Undir smásjá Sýrlendinga

– Amad var rétt rúmlega tvítugur þegar hann flúði. Ekki ertu að segja mér að stjórnvöldum hafi þótt nauðsynlegt að fylgjast með gjörðum hans í nýju landi? „Jú, aldeilis. Ég veit að það hljómar ótrúlega en þannig var það. Ég skal segja þér lítil sögu af því. Amad flúði vegna þess að hann vildi ekki gegna herþjónustu og braut þannig lög. Hann gerðist síðar norskur ríkisborgari. Seint á níunda áratugnum breyttust lög í Sýrlandi á þann veg, að þeir sem höfðu gegnt herþjónustu í öðrum löndum þurftu ekki að gegna herþjónustu í Sýrlandi. Amad ákvað því að ganga í norska herinn, gagnengt til þess að eiga möguleika á því að geta heimsótt Sýrland án þess að verða sóttur til saka. Að herþjónustu lokinni ákvað hann árið 1992 að fara sem norskur ríkisborgari til Sýrlands. Hann hafði kannað málín áður en hann fór og samkvæmt þeim heimildum sem hann hafði aflað sér átti þessi heimsókn ekki að hafa neinar afleiðingar. Hann fór því og ætlaði að dvelja í sjö vikur í sínu gamla heimalandi. Dvölin stóð hins vegar í þrjá mánuði. Ástæðan var sú, að þegar komið var að brottför var honum neitað um brottfarleyfi. Hann lenti vikum samán í ströngum yfirheyrslum hjá öryggislögreglunni í Damas-kus þar sem hann var spurður í þaula um dvöl sína í Noregi. Í yfirheyrslunum kom í ljós að þeir vissu ótrúlega mikið um hans líf í Noregi. Þeir sýndu honum meira að segja myndir sem teknar höfðu verið af hon-

um þar. Það er mjög ónotalegt að hugsa til þess að til séu stjórnvöld sem eyða tíma, peningum og orku til þess að fylgjast svo grannnt með þegnum sínum í öðrum löndum sem þarna kom í ljós. Við megum ekki gleyma því að Amad var bara rétt um tvítugt þegar hann flúði og ekki líklegur til stórræða, þannig að það er mjög erfitt að skilja þörfina á því að fylgjast svo grannnt með ungu fólki eins og þarna var raunin. Hvernig gat hann, stráklingurinn, gert nokkuð á hlut sýrlenskra stjórnvalda? Hann gat í mesta lagi tekið þátt í mót-mælagöngum eða skrifað greinar í blöð. Það undarlega-asta við þetta var sú staðreynd, að þarna voru m.a. myndir af honum í mótmælagöngu sem hann tók þátt í gegn Tyrkjum. Hvaðan allar þessar myndir komu skilur maður ekki því Sýrlendingar höfðu á þessum tíma ekki sendiráð í Noregi og í raun ekki neina fulltrúa í landinu. Því var með öllu óskiljanlegt hvaðan þessar myndir komu. Hvort þjóðir vinni saman í svona málum veit ég ekki, en einhver tók myndirnar.“

Mútur og aftur mútur

– Hvernig stóð því á því að hann losnaði síðan? „Við vitum það í rauninni ekki. Hann var stöðugt yfirheyrður um sitt líf og skoðanir. Þeir virtust fyrst og fremst fiska eftir því hvort einhver skipulögð samtök Kúrda væru til erlendis og hvað þau gerðu og hefðu í hyggju að gera. Amad gaf sig hins vegar hvergi og ég var komin að því að blanda norskum stjórnvöldum í málið þegar hann skyndilega losnaði. Í Sýrlandi er mjög spilt stjórnkerfi og mútur eru alls staðar. Amad þurfti því að móta mörgum embættismönnum þessar vikur. Hvort þær hafa ráðið úrslitum eða að þeir hafa sannfærst um að hann hefði engar gagnlegar upplýsingar veit ég ekki. Sýrlensk stjórnvöld sýna þegnum sínum ótrúlega óvörðingu og það sjá allir strax á flugvellinum í Damas-kus. Það eru hermenn og lögreglumenn alls staðar og fyrirliðningin skín úr andlitum þeirra. Þú getur síðan keypt þig frá öllum hlutum, hvort sem það eru morð eða eitthvað annað.“ – Varstu í einhverju sambandi við hann þessar vikur sem honum var haldið? „Já, ég var í sambandi við hann allan tímann og var í sjálfu sér ekki svo svakalega hrædd um hann. Sennilega var það nú bara vegna þess að við vorum í sambandi og hann var alltaf að halda að hann færi að sleppa. Ég var einnig í tengslum við fleira fólk þarna og allir stöppuðu í okkur stálinu. Þegar líða fór að jólum var ég orðin óróleg og var komin á fremsta hlunn að hafa samband við stjórnvöld í Noregi þegar hann skyndilega fékk að fara úr landi. Hann kom síðan heim daginn fyrir gaml-

ársdag.“ – Nú hafðir þú farið á þessar slóðir áður og þið hafið farið reglulega síðan. Á hann þarna ættingja ennþá? „Þeim hefur fækkað því móðir hans og systir fluttu til okkar í Noregi 1986. Fjölskyldan á hins vegar ennþá hús þarna sem við höfum getað verið í og því er þetta auðveldara. Þrátt fyrir allt finnst mér spennandi að fara þangað og kynnast þessum rótum hans og því þjóðfélagi sem börnin mín eru sprottin úr. Á árum áður átti fjölskylda Amads miklar landa eignir í landinu. Árið 1963 voru hins vegar allar þeirra eignir teknar af þeim. Þau höfðu stundað umfangsmikinn landbúnað, ræktað korn, grænmeti, melónur og ólífur. Þau fengu lítinn skika til eigin nota en stjórnvöld fluttu inn á landið fólk sem þau létu nýta það. Æ síðan hefur fjölskyldan barist fyrir því að fá land sitt til baka. Sú barátta hefur staðið fram á þennan dag. Stundum hafa þeim verið boðnar fébætur en þau hafa fyrst og fremst viljað réttlæti. Nú nýverið vannst áfangasigur í baráttunni og hluta landsins var skilað til baka.“

Bleyðan Assad yngri

– Assad yngri við völdum í Sýrlandi við andlát föður síns. Menn ólu þá von í brjósti að hann myndi breyta stjórnarfarinu til hins betra? „Já, það er rétt. Hins vegar er nú talið að hann sé bleyða og sé undir hælnum á haukum sem stjórnðu með föður hans. Hann sé því aðeins forseti að nafninu til. Hvort það er rétt veit ég ekki, en þetta er umræðan. Hann er menntaður í Frakklandi, að mig minnir, og því vonaðist fólk eftir einhverjum umbótum en þær hafa látið á sér standa. Réttindi Kúrda hafa ekki lagast, og það sem verra er, að þessa dagana þegar Sýrlendingar hafa verið að fara með her sinn frá Líbanon, þá hafa þeir sent hermennina í Kúrdahéruðin, þannig að útlitið er ekki gott. Hermönnum fjölgar því mjög hratt þar þessa dagana. Góðar fréttir í Líbanon urðu því slæmar fréttir í Kúrdistan.“ – Þannig að stríðið í Írak og fall Saddams hefur ekki haft nein áhrif í Sýrlandi? „Nei, alls ekki. Ef eitthvað er hefur ástandið versnað. Sýrland er í dag hreiður og uppeldisstöð fyrir hryðjuverkamenn. Margir af þeim sem nú fara um í Írak og hálshöggva fólk eru þjálfaðir í Sýrlandi. Fréttir hafa borist af þjálfunarbúðum þar sem mönnum er fyrst kennt að hálshöggva dýr og til þess að fullkomna námið er þeim síðan útvegað fólk til þess að hálshöggva. Þetta eru ótrúlegar og ógnvekjandi sög-ur, sem við teljum því miður að séu sannar. Fullyrðingar Bandaríkjastjórnar um athvarf hryðjuverkamanna í Sýrlandi eru því miður sennilegar réttar. Sem dæmi um hversu hart stjórnarfarið er í Sýrlandi og

eftirlitið með þegnum get ég nefnt, að þegar við förum þangað með börnin bönnum við þeim að tala annað en norsku til þess að tryggja það að þau missi ekki neitt út úr sér sem getur misskilist. Þau eru auðvitað alin upp við að geta sagt hvað sem er í Noregi og við rákum okkur á það að stundum voru þau að ræða hluti, sem ekki er rétt að hafa í flimtingum. Því ákváðum við að þau töluðu aðeins norsku en ekki kúrdísku eða arabísku.“

– Hefur þú aldrei lent í vandræðum þarna á ferðum þínum með börnin?

„Jú, þegar ég kom fyrst í heimsókn þangað árið 1985 með vinkonu minni var ég með Salar, sem þá var fjögurra ára. Amad var ekki með því hann fór ekki sína fyrstu ferð, eins og áður sagði, fyrr en 1992. Ég var með íslenskt vegabréf og líka Salar. Þegar við vorum á leiðinni úr landi lentum við í miklum vandræðum því þeir töldu hann Sýrlending þrátt fyrir að hann væri með sitt íslenska vegabréf. Það skipti þá engu máli. Við misstum því af okkar flugvél heim en sem betur fer leystist málið.“

Hvert stefna Kúrdar?

– Hvernig standa Kúrdar í dag eftir stríðið í Írak? Hvert stefna þeir?

„Kúrdar hafa aldrei getað komið sér saman um hvort þeir eigi að berjast fyrir frjálsu Kúrdistan eða sjálfstjórn innan þeirra landa þar sem þeir búa í dag. Þeir hafa rætt þau mál áratugum saman en aldrei komið sér saman um niðurstöðu. Í Írak hafa þeir háð mesta baráttu og þar hafa blóðugustu átökin verið.“

Þegar Abdullah Öcalan kom fram í Tyrklandi horfðu margir til hans og samþaka hans. Hann barðist fyrir sjálfstæðu ríki í Suðaustur-Tyrklandi á 9. og 10. áratug liðinnar aldar. Í þeim átökum féllu þúsundir manna. Það studdu hann margir því menn sáu að hann hreyfði við hlutum. Hann var seinna talinn hryðjuverkamaður og Tyrkir náðu honum og dæmdu hann til dauða fyrir landráð. Þeim dómi var síðan breytt í lífstíðarfangelsi og honum er í dag haldið föngnum á eyju undan Tyrklandsströndum þar sem hann er eini fanginn.“

– Þú sagðir að hann hafi verið talinn hryðjuverkamaður. Ertu ekki viss um að svo hafi verið?

„Jú, það komu nú fram ansi margar upplýsingar sem bentu til þess að hægt væri að flokka hann sem hryðjuverkamann. Það eru hins vegar ekki allar sammála þeirri túlkun.“

– Leit þitt fólk upp til hans?

„Ja, um tíma spáði Amad mjög mikið í hann og hans málstað. Ungt fólk sá í honum von og hlustaði á það sem hann hafði fram að færa. Eftir að hann var handtekinn förum við í mótmælagöngur til þess að krefjast þess að hann yrði látinn laus. Síðan komu fram

upplýsingar um hann sem erfitt er að loka augunum fyrir.“

Kúrdar vingast við Bandaríkin

– Kúrdar hafa í gegnum tíðina ekki verið hrifnir af Bandaríkjamönnum. Nú hefur það hins vegar breyst í kjölfar átakanna í Írak, ekki satt?

„Jú, það er rétt. Við verðum að hafa í huga, að Kúrdar eru þjóð sem hefur verið kúguð um langa tíð. Oft hefur þeim verið gefin von sem ávallt hefur brugðist. Þegar þeir síðan sjá Bandaríkjamenn koma inn í Írak með þeim afleiðingum að staða Kúrda og réttindi hafa batnað, þá auðvitað viðurkenna þeir staðreyndir. Þetta gera þeir þrátt fyrir sár vonbrigði með það að Saddam Hussein skyldi ekki hafa verið komið frá árið 1991. Í kjölfarið ofsótti hann þá grimmilega.“

Hins vegar hef ég það á tilfinningunni að Bandaríkjamenn hafi strax að lokinni styrjöldinni 1991 hafið undirbúning að frekari aðgerðum gegn Írak bak við tjöldin. Ég tel að þeir hafi þá fljótlega hafið viðræður við leiðtoga Kúrda víða því smám saman breytist viðhorf þeirra til Bandaríkjamanna. Hvað nákvæmlega gerðist hins vegar veit ég ekki.“

– Nú var mikil umræða í aðdraganda síðara stríðsins í Írak hér á Vesturlöndum og andstaða við það var víða mjög mikil. Hvernig var það fróðum ykkar sem tengdust Kúrdum? „Mín skoðun var mjög ákveðin. Ég var á móti þessu stríði. Ég held einfaldlega að við sem alin erum upp í því mikla öryggi sem ríkir á Íslandi getum aldrei sett okkur í spor þeirra sem telja þörf á að fara með stríði á hendur öðrum. Mér er það alveg fyrirumunað þrátt fyrir að skilja svo vel aðstæður Kúrda og hafa djúpa samúð með þeirra skoðunum og örlögum.“

Hér á Íslandi vitum við, að ef eitthvað er gert á okkar hlut getum við leitað réttar okkar. Það er grundvöllurinn í okkar samfélagi. Þegar heilu þjóðin ar alast upp án mannréttinda og öryggis, þá segir fólk einfaldlega að lífið geti ekki orðið verra en það er. Stríð verður því raunhæfur valkostur, því miður. Kúgun kynslóð eftir kynslóð getur ekki haft annað en slæmar afleiðingar. Því er svo erfitt fyrir okkur sem hér erum alin upp að skilja sjónarmið þeirra sem telja stríð raunhæfan valkost. Amad vildi stríð og hann vonaði að Bandaríkjamenn færu líka inn í Sýrland og skiptu um stjórn þar í leiðinni.“

– Nú hafa orðið breytingar í Írak á undanförunum mánuðum þrátt fyrir að þar ríki ennþá ógnaröld. Gerð er tilraun til þess að koma á fót lýðræði. Hefur fólk trú á því að þessi tilraun gangi upp?

„Það eru mjög skiptar skoðanir um það. Menn Saddams eru þarna ennþá og þeir standa

trúlega að baki þeim hryðjuverkum sem unnin eru þar núna. Í Kúrdahéruðunum er hins vegar frekar rólegt. Þeir hafa lagt mikla áherslu á að hafa sinn eigin her á sínum svæðum og vilja ekki að aðrir tryggi öryggi þeirra. Það hafa þeir fengið og gengið vel. Sambúð þeirra við Bandaríkjamenn hefur því verið góð.“

Kúrdi orðinn forseti Íraks

– Og nú hefur Kúrdi verið kjörinn forseti Íraks. Ég reikna með því að það hafi vakið ánægju?

„Já, það vakti mikla gleði hjá Kúrdum. Það var auðvitað mjög ánægjulegt að ólíkum öflum tækist að mynda stjórn og ekki var verra þegar í ljós kom hver var kjörinn forseti.“

– Eru menn ennþá að vona að Bandaríkjamenn fari á endanum inn í Sýrland?

„Já, menn vona það mjög víða. Þar hefur verið óbreytt ógnarástand um langan aldur og því ekki óeðlilegt að þessi krafa sé uppi.“

– Hafa þessar breytingar þá vakið vonir um að Kúrdar stofni á endanum sjálfstætt ríki?

„Já, eflaust hjá einhverjum. Ég held samt að flestum finnist rétt að tryggja réttindi sín í hverju landi fyrst, áður en ákvörðun er tekin um næstu skref. Mér finnst það skynsamleg stefna. Tíminn verður síðan að leiða í ljós hvort draumurinn um sjálfstætt ríki rætist. Það er alltof snemmt að spá í það nú.“

– Nú komið þið til Sýrlands sem gestir. Hvað með synina þína þrjá? Eru þeir ákveðnir Kúrdar?

„Þeir eru nú Íslendingar á Íslandi. Norðmenn í Noregi og Kúrdar í Sýrlandi. Þeir eru hins vegar mjög misjafnlega uppteknir af uppruna sínum. Sípan, miðsonurinn, hefur sókt sér niður í allt sem er kúrdískt. Hann hefur örugglega verið Kúrdi í fyrra lífi. Hann veltir menningu þeirra mjög fyrir sér og raunar öllu því sem kúrdískt er. Þeir tala allir íslensku, kúrdísku og norsku og það er mjög ánægjulegt þó að þeir séu auðvitað missterkir í þessum tungumálum.“

– Nú er langt á milli Íslands og Sýrlands. Foreldrar Amads urðu að yfirgefa Sýrland alls lausir og byrja upp á nýtt í öðru landi. Foreldrar þínir þurftu líka að gera það þegar byggð fór í eyði í Grunnavík. Er eitthvað líkt með þessu fólk?

„Já, það er gaman að þú nefnir þetta atriði. Sannleikurinn er sá, að það er mjög margt líkt með þessu fólk. Það er skritið, en þannig er það. Þegar ég var að alast upp hlustaði ég á fólk mitt tala um þau örlög að þurfa að yfirgefa allt sem það átti og hefja nýtt líf á öðrum stað. Fólk ræddi þetta auðvitað í sínum hópi og ég kynntist þeirra hlið. Sú reynsla hjálpanir um það. Menn Saddams eru þarna ennþá og þeir standa



Rannveig Ragúelsdóttir ásamt sonum sínum Fannari (tv) og Salari (th). Þriðji sonur hennar, Sípan komst ekki til Ísafjarðar vegna prófa í Noregi og eiginmaðurinn Amad er við störf á Kanaríeyjum þar sem hann er að setja á stofn veitingahús ásamt fleiri fjárfestum frá Noregi. Amad hefur um árabil keypt veitingastaði, endurskipulagt þá og rekið um tíma. Þegar reksturinn hefur verið kominn í gott horf, hefur hann selt þá.

þeirra örlögum. Tilfinningarnar voru um margt þær sömu. Sársaukinn sem fylgir því að þurfa nauðugur að yfirgefa það sem manni er kært, hann á sér engin landamæri. Hver einstaklingur upplifir auðvitað sársauka hver á sinn hátt en það er margt líkt með þessu fólk.

Þegar ég fór til Noregs í upphafi hafði ég enga hugmynd um hvað Kúrdi var. Hef trúlega haldið að Kúrdar væru Arabar, sem er mjög algengur misskilningur enn þann dag í dag. Það sem hræðir mig mest í dag eru þau stökk sem Kúrdar upplifa. Ég er enginn pólitíkus en ég velti því fyrir mér hvaða afleiðingar það hefur þegar þjóðum, sem aldrei hafa lifað við lýðræði og aðeins lifað við hatur, er allt í einu hent út í hringiðu lýðræðis sem fæst þeirra þekkja nema í mesta lagi af afspurn. Ég vona hins vegar að fólk komist í gegnum þessar breytingar stórálfallaust.“

Aldrei neitt annað en Íslendingur

– Í dag eruð þið þá Norðmenn?

„Nei, ég er Íslendingur og get aldrei orðið annað. Synir mínir eru hins vegar mjög blandaðir og ég reyni að fá þá til þess að tileinka sér það jákvæðasta hjá þeim þjóðum sem þeir tengjast. Ég hvet þá til þess að horfa á jákvæða hluti í hverju landi og tileinka sér þá.“

Tilviljun ein réð því að við Rannveig sátum að spjalli og horfðum á lognið á Pollinum á Ísafirði þann 10. maí, réttum 25 árum eftir að hún sá Amad í fyrsta skipti. Það var líka tilviljun að tveimur dögum eftir spjall okkar komst Mannréttindastóll Evrópu að þeirri niðurstöðu, að Abdullah Öcalan, leiðtogi Kúrda í Tyrklandi, hefði ekki fengið réttláta málsmeðferð fyrir tyrkneskum dómstólum. Mannréttinda-dómstóllinn gerði ýmsar athugasemdir við réttarhöldin yfir Öcalan, meðal annars að í hópi dómara hafi verið fulltrúi tyrkneska hersins, sem undirstrika að dómara hafi ekki verið hlutlausir. Þá fékk hann takmarkaðan aðgang að lög-mönnum sínum. Því er þrýst á að mál hans verði tekið fyrir að nýju fyrir dómstólum í

Tyrklandi. Fulltrúi lýðræðis-ríkisins Tyrklands sagði að stjórnvöld þar myndu gera það sem þau þyrftu að gera en almenningur þyrfti þó ekki að óttast að hann yrði látinn laus. Að síðustu það hann landsmenn að sýna stjórnvöldum og dómskerfinu traust við meðferð málsins!

Lognið og öryggið í firði æsku Rannveigar er algjör andstaða við ófriðinn og átök in í löndum ástvina hennar. Þó er nokkuð sameiginlegt. Rannveig tengir saman tvö þjóðabrot sem þurft hafa að byrja líf sitt að nýju eftir að hafa allslaus yfirgefið heimili sín.

Þegar ég var yngri las ég kvæðið hans Tómasar um ungu konuna frá Súdan. Í niðurlagi þess segir skáldið: „Samt dáðist ég enn meir að hinu, hve hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu.“

Mér fannst lengi að þessi orð skáldsins stæðust varla. Þegar ég hins vegar hafði hlustað á sögu Rannveigar sannfærðist ég um að skáldið hefur haft rétt fyrir sér.

– Halldór Jónsson.

Svanlaug Guðnadóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ skrifar

Ísafjarðarbær – ný sýn til framtíðar

Laugardaginn 21. maí næstkomandi verður haldið á Ísafirði íbúðing í íþróttahúsinu á Torfnesi frá kl. 10-18. Þar gefst öllum íbúum Ísafjarðarbæjar tækifæri á að koma skoðunum sínum í skipulags- og samfélagsmálum á framfæri án þess að þurfa að standa upp og halda ræðu. Flestir kannast við heitar umræður um samfélags- og skipulagsmál yfir kaffibolla en sjaldan komast skilaboðin á framfæri við rétta aðila. Dæmi um mál-

efni sem varða mörg okkar eru til dæmis lóðarúthlutunir, göngustígar og útivistarsvæði auk þess sem íbúar vilja hafa áhrif á útlit og umfang bygginga.

Einnig má nefna málefni aldraðra, hvert viljum við stefna í þeim málaflokki, er þörf á að byggja hjúkrunarheimili og úthluta lóðum fyrir þá sem vilja minnka við?

Kynslóðin sem er að vaxa úr grasi hvernig hlúum við að henni? Hvað má betur fara og

eftir hverju eigum við að forgangsraða? Hvað er hægt að gera til að auka fjölbreytni í atvinnumálum? Lumar þú kannski á hugmyndum sem þú vilt koma á framfæri í þeim efnum?

Nýbúum hefur fjölgað mikið í okkar samfélagi á undanförunum árum, hvernig gengur þeim að fóta sig og hvað finnst þeim að betur meigi fara? Það er mikilvægt að þeirra rödd heyrast á þessu þingi sem og annarra íbúa Ísafjarðarbæjar.



Svanlaug Guðnadóttir.

Með því að halda íbúðing í Ísafjarðarbæ er verið að leitast við að heyra og sjá hvaða framtíðarsýn við getum öll skapað sameiginlega. Niðurstöður og ábendingar mun nýttast mjög vel fyrir gerð aðal- skipulags fyrir sveitarfélagið allt.

Íbúðing sem ætlað er að stuðla að aukinni þátttöku íbúanna í stefnumörkun og ákvarðanatöku hafa nýlega verið haldin hér á landi í nokkrum sveitarfélögum og hefur

tekist mjög vel til s.s. á Akureyri, Akranesi, Fjarðarbyggð, Snæfellsbæ og í Garðabæ. Ég vil hvetja alla til að mæta og taka þátt með því að hafa skoðanir, þannig stuðlum við að auknu íbúalýðræði og betra samfélagi. Taktu þátt í að mynda nýja sýn til framtíðar fyrir Ísafjarðarbæ næstkomandi laugardag.

Svanlaug Guðnadóttir,
bæjarfulltrúi Fram-
sóknarflokksins
í Ísafjarðarbæ.

Heimildarmynd um einleikjahátíð

Heimildarmynd verður gerð um leiklistarhátíðina Act alone sem Kómedíuleikhúsið heldur á Ísafirði dagana 30 júní - 3. júlí. „Jóhannes Jónsson hjá Digi-Film ætlar að ráðast í það stórverkefni að festa hátíðina á filmu og verður þetta því alvestfirsk heimildarmynd. Stefnir er að því að henni verði svo sjónvarpað í framtíðinni“, segir Elfar Logi Hannesson, einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar. Hátíðin fer fram í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði.

Á dagskrá eru tíu einleikir eftir ýmsa höfunda og koma fram nú íslenskir leikarar auk gestaleikara frá Króatíu. „Hann er lærður leikari sem flúði heimaland sitt vegna

styrjaldar á sínum tíma og var komið til hjálpar af góðu fólki á Flateyri. Þar bjó hann um tíma og er nú að koma í fyrsta sinn aftur til Íslands með einleik sem hann er að ferðast með og hefur sýnt í Bandaríkjunum og London“, segir Elfar Logi.

Act alone var haldin í fyrsta sinn síðasta sumar en um er að ræða leiklistarhátíð tileinkaða einleikjum. Meðal einleikja sem sýndir verða í ár eru; Palli var einn heiminum sem Stoppleikhópurinn sýnir, Egils saga í uppsetningu Sögusvuntunnar og Gísli Súrsson í uppfærslu Kómedíuleikhússins. Auk sýninga verður boðið upp á Masterclass námskeið í leiklist. – thelma@bb.is

Ferðapjónnum boðið í heimsókn til Ísafjarðar

Fulltrúar ferðaskrifstofa og upplýsingamiðstöðva í Reykjavík og Borgarnesi lituðust um á Ísafirði og í nágrenni í síðustu viku og kynntu sér hvað svæðið hefur upp á að bjóða. Hópurinn taldi um 20 manns sem voru í árlegri boðsferð Flugfélags Íslands, Vesturferða og upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði.

„Gestirnir eru okkar stærstu viðskiptavinir sem við reynum að bjóða hingað á hverju ári til að kynna nýjungar í ferðamálum og minna á okkur“, segir Greipur Gíslason, starfsmaður Vesturferða. Dagurinn hófst á morgunkaffi hjá SKG veitingum á Hótel Ísafirði. Var þá farið á Kirkjuból í Bjarnardal



Gestunum var boðið að fara í kajakróður frá Neðstakaupstað.

í Öndarfirði þar sem bræðurnir Guðmundur Valgeir og Jón Grétar Magnússynir kynntu starfsemi sína og buðu upp

á heilgrillað lamb á teini. Áður en heim var haldið bauðst gestunum að róa á kajökum út frá Neðstakaupstað á Ísafirði.

„Heimsóknin heppnaðist mjög vel og gestirnir voru ánægðir. Þetta var mjög skemmtilegt“, segir Greipur. – thelma@bb.is

Sælkeri vikunnar • Þórhallur Arason á Þingeyri

Hörpudiskur og smokkfiskur með kasjúhnetusósu og spaghetí

Sælkeri vikunnar býður upp á hörpudisk og smokkfisk með spaghetí og kasjúhnetusósu. Uppskrifin er fyrir þrjá og segir Þórhallur að það taki jafnlangan tíma að elda réttinn og það tekur spaghetífið að sjóða. Einnig mælir hann með að bera fram með réttinum ristað brauð með smjöri.

Hörpudiskur og smokkfiskur með kasjúhnetusósu og spaghetí

Spaghetí
Salt
Olía
30 g Smjör
Sjóðið spaghetí fyrir þrjá. Munið að setja smá olíu í vatnið svo spaghetífið límist ekki saman. Saltið vatnið fyrir suðu og blandið smá

smjöri í spaghetífið þegar það er soðið og vatnið hefur verið síað frá.

90 g kasjúhnetur (fæst í Samkaup)
1/3 ferskur chillipipar (grænn eða rauður)
75 g smjör
1 dl rjómi
3/4 tsk karrí
1 tsk rífsberjahlaup
1/2 bolli kjúklingasóð (1/2 teningur leystur upp í vatni)

Merjið kasjúhneturnar í morteli og setjið út í brætt smjör í potti. Látið krauma við miðlungshita í nokkrar mínútur. Blandið síðan smásoxuðum chillipipar, kjúklingasóðinu, karríinu og rífsberjahlaupinu út í og hrærið vel saman. Bætið að lokum rjóma út í og látið sósuna sjóða niður þar til mátulegri

þykkt er náð.

1 rauð paprika
1 græn paprika
75 g smjör
salt og pipar

Skerið paprikurnar í litla bita og steikið á pönnu í smjöri við miðlungshita (svo smjörið brenni ekki). Kryddið með salti og vel af pipar. Hæfilegur steikingatími miðast við að bitarnir séu vel gljáðir en jafnframt eilítið stökkir. Setjið í skál og geymið í ofni við 70 °C fram að framreiðslu. Notið sömu pönnuna áfram til að elda fiskmetið.

1 vagumpoki af smokkfiski (fæst í Samkaup)
1 vagumpoki af hörpudiski (fæst Samkaup)
75 g smjör
salt og pipar
ferskur hvítlaukur (2-3 rif)



Þýðið hörpudiskinn og smokkfiskinn í vatni og þerrið síðan á eldhúsrúllupappír. Skerið smokkfiskinn í hringlaga strimla ca ½ sm breiða. Bræðið smjör á pönnu við miðlungshita (svo smjörið brenni ekki). Leggið hörpudiskinn á pönnuna með söxuðum hvítlauknum og steikið á báðum hliðum, samtals í 3-4

mín. Þegar steikingartíminn er hálfnaður er smokkfiskshringjunum bætt út á pönnuna. Munið að ef smokkfiskur er steikur of lengi, þá verður hann gúmmíkenndur undir tönn.

Berið fram í skálum eða á djúpum diskum þar sem spaghetíinu er fyrst skammtað á diskana (munið eftir smjörklípunni sem er blandað saman við heitt spaghetífið). Dreifið

sósunni yfir spaghetífið, áður en paprikunni, smokkfisknum og hörpudisknum er dreift yfir allt saman.

Þórhallur skorar á Jóhann Ingimarsson golfmeistera og verðlaunagardseiganda á Þingeyri að kítla bragðlauka lesenda BB í næstu viku.

Sigurður Sveinsson frá Góustöðum skrifar

Stöldrum nú aðeins við Ísfirðingar

Að undanfögnu hafa birst fréttir og fréttaskýringar í BB og bb.is af byggingu fyrirhugaðra snjóflóðavarna ofan Holtahverfis í Skutulsfirði. Birtar hafa verið vel unnar tölvugerðar myndir af fyrirhuguðum framkvæmdum, sem bláðið hefur látið vinna, því af einhverjum ástæðum hafa hönnuðir mannvirkjanna og Ísafjarðarbær ekki viljað birta þær myndir, sem gerðar hafa verið af þessum mannvirkjum. Snjóflóðavarnir þessar hafa að undanfögnu verið hannaðar í kjölfar hættumats, sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur af einhverjum ástæðum séð ástæðu til þess að samþykkja at-hugasemdalaust fyrir nokkrum árum.

Það fór mjög um mig sem innfæddan Ísfirðing að sjá hvaða hugmyndir hafa verið undirbúnar til þess að verja Holtahverfið fyrir þeirri vá sem ýmsir sérfræðingar telja að stafi af hugsanlegum snjóflóðum úr Kubba. Ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína að ég tel þessar varnir ekki í neinu samræmi við þá hættu sem af fjallinu stafar. Vegna þessara skoðana minna birtist við mig viðtal þar sem ég lýsti þessum skoðunum mínum. Þar rengdi ég heimildir um stærsta flóðið sem talið er hafa fallið úr Kubbanum. Við þau orð mín stend ég.

Í kjölfar viðtals við mig birtist grein eftir Hörpu Grímsdóttur forstöðumann Snjóflóðasetursins á Ísafirði. Af grein hennar má skilja að það skipti ekki máli hvort fólk telji að umrætt flóð hafi fallið eða ekki. Mér þykja það einkennileg vísindi að ekki skipti máli hvort forsendur fyrir hönnun snjóflóðavarna eru réttar eða rangar. Sennilega hef ég ekki

gengið nægilega lengi í skóla til þess að skilja það. Ég hef einnig talsverðar efasemdir um að flóð það, sem talað er um að fallið hafi á 7. áratug síðustu aldar, hafi í raun verið af þeirri stærð að kalla megi snjóflóð. Með fullri virðingu fyrir okkur sem búskap höfum stundað á Góustöðum þá verð ég að segja að ekki hefur á þeim tíma þurft miklar náttúruhamfarir til þess að brjóta tvo girðingarstaura hjá okkur. Það er ákveðinn ruglandi að nefna Góustaði í þessu sambandi því fólk heldur að þegar sá bær er nefndur hafi flóðin náð heim að bænum. Það er fjarri sanni. Tún Góustaða náðu upp í rætur Kubbands.

Þegar forsendur snjóflóðasérfræðinga eru skoðaðar kemur því í ljós að einu forsendurnar sem þeir hafa óhrekjanlegar er það flóð sem féll 1984. Það olli tjóni á húsi í Kjarrholti og einnig á bifreið sem stóð á Holtabraut. Það er fjarri mér að gera lítið úr því flóði. Það ber að taka af fyllstu alvöru. Við hljótum hinsvegar að gera þá kröfu til vísindamanna að þeir meðhöndli heimildir af varúð og varist að draga einhliða ályktanir af þeim sér í lagi ef til staðar eru efasemdir um að þær standist ekki eins og á við um þau flóð sem sagt er að fallið hafa og nefnd eru að hafi verið stærri en þau sem óyggjandi sannanir eru um að fallið hafa.

Hins vegar tel ég víst að flóðið sem féll 1984 hafi ekki átt upptök sín í Bröttuhlíð heldur í Hafrafellshálsi og við þá skoðun stend ég. Er því ástæða til þess að efast um enn eina af forsendum þeim sem notaðar eru fyrir hönnun þeirra mannvirkjanna í Kubbanum.



Sigurður Sveinsson.

Í umfjöllun þeirra sérfræðinga, sem fjallað hafa um fyrirhugaðar framkvæmdir, hefur komið fram að töluverður hluti af forsendum sé huglægt mat sérfræðinga. Það er rétt að fólk átti sig á þýðingu þeirrar staðreyndar. Það eru því ekki nema að takmörkuðu leyti vísindalegar staðreyndir að baki hönnun þeirra gríðarlegu mannvirkja, sem talað er um að reisa í Kubbanum. Það hefur einnig komið fram að þvergarður sá sem reisa á ofan Stórhólts kemur ekki í veg fyrir rýmingu húsa á því svæði. Þessa staðreynd verða menn einnig að hafa í huga. Því er von að einhver spyrji. Til hvers var þá af stað farið?

Snjóflóð hafa kallað miklar hörmungar yfir okkar nánasta umhverfi í gegnum tíðina. Mér þykir mjög leitt þegar látið er í það skína að þeir sem af einhverjum ástæðum efast um forsendur og snjóflóðavarna séu þar með þeirrar skoðunar að í lagi sé að skilja fólk eftir í lífshættu. Ekkert er fjarri mér og það er ekki ástæða þess að ég 84 ára gamall maðurinn hef ákveðið að blanda mér í þessa umræðu. Því miður urðu skipulagsfyrirvöldum á mikil mistök í uppbyggingu ýmissa byggðarlaga á seinni hluta

síðustu aldar. Þar fóru offari og ekki var hlustað á varnaðarorð þeirra er best þekktu til. Ég sjálfur man til dæmis eftir fólk á mínum aldri sem varaði við byggingu Teigahverfisins í Hnífsdal. Fyrir þau mistök höfum við mátt gjalda dýru verði. Nú þegar menn hafa ákveðið að verja byggð þar sem því verður við komið verðum við einnig að gæta að okkur og fara ekki offari. Okkur Íslendingum hættir svo gjarnan til að fara öfganna á milli. Við megum ekki gleyma því að það voru líka verkfræðingar, tæknifræðingar og ýmsir aðrir sérfræðingar sem ekki vildu hlusta á innfædda þegar byggð voru upp hverfi á snjóflóðahættusvæðum á síðustu öld.

Þær miklu framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru ofan Holtahverfis munu hafa gríðarlega áhrif á ásynd Skutulsfjarðar og einnig aðstaður þeirra sem næst þeim búa um fyrirsjáanlega framtíð. Slíkt er auðvitað ásætlanlegt ef hægt er með þokkalega gildum rökum að réttlæta framkvæmdirnar. Svo er ekki í þessu tilfelli, því miður. Það særir mig afskaplega mikið þegar rætt

er um framkvæmdir sem þessar á þeim nótum að þarna séu menn að draga til bæjarins mikið fjármagn og bærinn þurfi lítið að láta af hendi rakna. Ég vona að svo aumlega horfi ekki fyrir okkur að menn horfi á þetta mál útfrá peningalegum hagsmunum. Ég vona líka að allir bæjarfulltrúar horfi á náttúruna með augum heimamannsins þrátt fyrir að aðeins hluti þeirra sé hér upp alinn.

Ég tel fullkomlega óþarft að reisa þau miklu stöðvirki sem rætt er um í Bröttuhlíð. Ég tel hinsvegar ástæðu til þess að skoða öfgalaust hvort þörf er á gerð þvergarðs 10-12 metra að hæð ofan byggðar í Holtahverfi. Sá garður verður að verja byggð í Kjarrholti og Stórholti. Öllum hlýtur að vera ljóst að efni í þann garð verður að keyra að til þess að lágmarka umhverfisspjöll. Efni í þann garð megum við aldrei taka úr hlífðum Kubbands heldur verður að útvega það annars staðar frá. Við gerð hans verður einnig að huga að þeirri skógrækt sem á svæðinu er. Það er síðan grundvallaratriði í mínum huga að í verklok verði sú hlið garðsins er að

hverfinu snýr tyrfd og þannig komið í veg fyrir aurburð á götur í hverfinu og moldrok eins og íbúar í Seljalandshverfi eru nú að upplifa og munu að óbreyttu þurfa að búa við næstu árin.

Íbúar í Holtahverfi hafa búið undir Kubbanum í þrjátíu ár án þess að telja sig þar í teljanlegri hættu. Íbúar á þessum slóðum áður fyrr töldu Kubban ekki hættusvæði í líkingu við það sem nú er lýst í skýrslum sérfræðinga og fram kom í grein Hörpu Grímsdóttur. Ég trúi því og treysti að áður en hin endanlega ákvörðun verður tekin verði farið vandlega yfir forsendur, útreikninga og huglægt mat sérfræðinga. Ég geri einnig kröfu til þess að huglægt mat þeirra manna sem búið hafa og fylgst með náttúruöflum á þessu svæði mann fram af manni verði einnig metið einhvers. Tökum þann tíma sem við þurfum til þeirra hluta. Þær framkvæmdir sem þarna eru fyrirhugaðar verða ekki aftur teknar. Teigahverfið er hægt að jafna við jörðu en Kubbinn verður ekki samur verði mönnum á mistök.

Sigurður Sveinsson
frá Góustöðum.

Jón Laxdal Halldórs-son leikari látinn

Jón Laxdal Halldórsson leikari lést á heimili sínu í Kaiserstühl í Sviss sunnudaginn 15. maí. Jón Laxdal var fæddur á Ísafirði 7. júní 1933 og var næst yngstur tólf systkina. Hann létur eftir sig eiginkonu, Katerínu Laxdal, soninn Jón og fösturdótturina Katerínu. Áður áttu Jón dótturina Áslaugu Thorlacius, sem búsett er í Danmörku.

Jón Laxdal starfaði alla tíð við leiklist, bæði hérlandis og erlendis. Hann rak sitt eigið leikhús „Jón Laxdal theater,“ í Kaiserstühl síðustu áratugi og víða í Sviss og Þýskalandi. Þekktastur var hann hér á landi fyrir leik sinn sem Garðar Hólm í kvikmyndinni „Brekukotsannál“ og fyrir Steinar bönða í „Paradísarheimt“. Hann var sæmdur Íslenu fálkaorðunni fyrir störf sín að leiklist árið 1982, ríkisorðu frá Austuríki og ríkisviðurkenningu frá kantonunni í Zürich fyrir bókmenntir.



Jón Laxdal Halldórsson.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: elgnr@tg.is
Helmasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:
Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Fallgett út-sýni. Verð 16,6 m.kr.
Bakkavegur 8, Hnífsdal: 182 m² steinsteyppt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Pólgata 4: 76 m² tveggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjórþýlishúsi. Tilboð óskast
Hlíf II Torfnesi: 62,5 m² íbúð á 3.hæð, íbúðin snýr að Seljalandsvegi. Verð 7,5 m.kr.
Sundstræti 34: nýlegt 2ja herbergja íbúð með sérinnangi á jörðhæð í nýuppgerðu fjölþýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.
Atvinnuhúsnæði/Fyrirtæki:
Thal Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innrétt-ingum, tekjum og áhöldum Til sölu eða leigu. Tilboð óskast

Súðavík:
Vallargata 4: 86,2 m² nýlegt parhús úr timbri á einni hæð. Verð 6,2 m.kr.
Nýjar íbúðir við Skógarbraut

Skógarbraut 3 - íbúð 101: 127,7 m² 3ja herb.íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Verð 10,3 m.kr.
Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93 m² 2ja herb.íbúð með sérinnng. á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr.
Skógarbraut 3 - íbúð 201: 151,8 m² 4ja herb.íbúð með geymslu/baðstofulofthi á efri hæð. Verð 10,7 m.kr.
Skógarbraut 3A- íbúð 103: 133 m² stór 3ja herb.íbúð á neðri h. í fjórþ. Verð 10,5 m.kr.
Skógarbraut 3A-íbúð 104: 114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og sérinnangi. Verð 9,5 m.kr.
Skógarbraut 3A-íbúð 203: 153,5 m² 4ja herb. íbúð á efri hæð með baðstofulofthi. Verð 11,5 m.kr.

Allar íbúðir skilast fullmál-aðar án gólfefna og innrétt-inga. Hægt er að kaupa 38m² bílgeymslu með íbúð. Verð 2,5 m.kr.

Smáauglýsingar

Til sölu er Canon EOS D60 staf-ræn myndavél, 6 megapixel með motordrive. Uppl. gefur Sigurjón í síma 892 5362.

Til sölu er Coleman Yukon fellihýsi, 11 fet. Uppl. í sínum 897 6794 eða 863 3839.

Til sölu er MMC Lancer árg.00, ekinn 88 þús. km. Sumar- og vetrardekk, viper þjófavörn, geislaspilari, spoiler og beinskjurtur. Skoðaður 2006. Verð kr. 650 þús. Upplýsingar í síma 861 4679.

Til sölu er 20hp Mercury, fjór-gengis útanborðsmótor, árg. 2002. Mjög lítið notaður. Uppl. í síma 456 5363.

Til sölu er Mount Blanc farangursbox ásamt þverbitum og skíðafestingum. Upplýsingar í síma 456 5363.

Til sölu er Nissan Nicra árg. 97, ekinn 85 þús. km. Uppl. í síma 868 8464 eða 891 7704.

Til sölu er lítið einbýlishús að Brekkugötu 10, Þingeyri. Uppl. í síma 456 8339 og 456 8187.

Til sölu er Subaru Justy, 4x4, árg. 90, ekinn 80 þús. km. Uppl. í síma 868 4080.

Til sölu er Palomino Colt fellihýsi, árg. 2002. Ýmsir aukahlutir. Uppl. í sínum 895 3595 eða 456 4364 á kvöldin.

Til sölu er galloper jeppi árg. 1998, 7 manna, ekinn 127 þús. km. Með mæli. Upplýsingar í síma 861 6005.

Til leigu er 3ja herb. 84m² íbúð að Stórholti 13 á Ísafirði. Íbúðin er laus um næstu mánaðar-mót. Uppl. í síma 693 2411.

Bílskúrsútsala að Pólgötu 5 á Ísafirði laugardaginn 21. maí frá kl. 11-17. Húsgögn og fleira. Nýttjahlutir á vægu verði. Uppl. í síma 893 4857.

Til sölu er stór og glæsileg íbúð á miðhæð að Pólgötu 4 á Ísa-firði. Íbúðin er 118m² ásamt bílskúr og eignarlóð. Hugsanlegum kaupendum er velkomið að skoða. Er á besta staði í bænum. Uppl. gefur Gunnhildur í síma 663 2920 eða Tryggvi í síma 820 0589. Sjá einnig á vef: www.mbl.is/mm/fasteignir/fasteign/?eign=155841

Til sölu er Canon EOS D60 staf-ræn myndavél, 6 megapixel með motordrive. Uppl. gefur Sigurjón í síma 892 5362.

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja: Messa á sunnudag, 22. maí kl. 11:00. Köku-basar æskulýðsfélagsins á eftir. *Sóknarprestur.*

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða var haldinn á Laugarhóli í Bjarnarfirði á Ströndum

Miklar vonir bundnar við væntanlega markaðsskrifstofu Vestfjarða

Væntanleg markaðsskrifstofa Vestfjarða, vegamál, símamál og margt annað var til umræðu á aðalfundi Ferðamálasamtaka Vestfjarða sem haldinn var á Laugarhóli í Bjarnarfirði á Ströndum fyrir stuttu.

„Mikið var rætt um markaðsskrifstofu Vestfjarða sem miklar vonir eru bundnar við, en það hefur sýnt sig að það þarf að markaðssetja Vestfirði betur. Við vonum að samstarf sveitarfélaga og annarra verði til þess að markaðsskrifstofan komist á laggirnar. Ég bind miklar vonir við að stigin verði stór framfaraskref í þessum málum á næstunni. Markaðs-

mál eru orðin svo yfirgripsmikill hluti af ferðamálum að það þarf menn með sérþekkingu í þau. Þess vegna er þessi leið farin og hefur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða meðal annarra komið að málinu“, segir Sævar Pálsson, einn eiganda Hótelis Flókalundar og nýkjörinn formaður samtakanna, en Jóhann Ásmundsson á Hnjóti, fyrrverandi formaður, lést í vetur.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra mætti til fundarins, hélt tölu og svaraði fyrirspurnum. „Margir vildu spyrja ráðherrann út í vegamál, símamál og annað og urðu líflegar umræður á fundinum. Ég



Miklar vonir eru bundnar við væntanlega markaðsskrifstofu Vestfjarða sem m.a. mun sjá um kynningu á svæðinu. Hér má sjá ferðaskrifstofufólk reyna sig á kajak á Pollinum.

held að menn hafi náð að koma sínum sjónarmiðum ágætlega á framfæri. Hvort þeir fái óskir sínar uppfylltar er svo annað mál“, segir Sævar.

Þá hélt Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður og formaður ferðamálaráðs, erindi um náttúrutengda ferðabjónustu. „Það eru margir

áhugasamir í félaginu. Til marks um það buðu menn sig fram til stjórnarsetu, það þurfti ekki að biðja þá um það“, segir Sævar Pálsson. – *halfdan@bb.is*

Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar skrifar

Erum við föst í fordómahjólari, eða hvað?

Vinkona mín frá Belgíu kom í heimsókn fyrir nokkru. Hún sagði mér frá því, að hún væri að hugsa um að kaupa sér hús á Þingeyri. Ég varð glöð við og hugsaði með mér, að það hún ætlaði að setjast hér að, væri gleðifregn. Þetta er gamalt hús í algjörrí niðurníðslu, sagði hún, enginn hefur áhuga á að kaupa það, ég ætla að gera það upp, og setja upp litla kaffistofu og gallerí. Ég elska þetta hús, sagði hún og áhuginn og einbeitingin leyndi sér ekki. Hún ræddi mikið um hvað húsið væri yndislegt, og hve hana hlakkaði til að gera það fallegt, og opna það fyrir Þingeyringum.

Hún kom svo aftur um daginn. Hún var greinilega reið, en þó meira sár. Ég fæ sennilega ekki húsið, sagði



Ásthildur Cesil Þórðardóttir.

hún döpur. Kona á Þingeyri frétti af þessum áhuga mínum á húsinu, og vill fá það. Og mér skilst að hún eigi meiri rétt en ég. Ég varð hvumsa, af hverju hélt hún það. Erum við virkilega svona forpokuð og

heimarík. Að þeir sem til okkar vilja koma hafi ekki sama rétt?

Ég held að þetta sé allavega ekki spurning um peninga, því húsið sem um ræðir, er búið að standa óhirt í áraradír, og enginn hefur sýnt minnsta áhuga á að kaupa það og gera upp. Ekki fyrr en einhver kemur að og fellur fyrir húsinu og vill gera það upp. Ég held meira að segja að það hafi staðið til að rífa það.

Vinkona mín er að hugsa sér til hreyfings. Hún vill búa á Íslandi, en hún ætlar að skoða fleiri möguleika. Er það svona sem við viljum taka á móti og hlú að fólki sem vill flytja til okkar. Og sem vill meira að segja kaupa sér hús til að vera um kyrrt.

Ég skrifa þetta til umhugsunar. Við verðum að breyta

þessum hugsunarhætti, ef við viljum að fólk utan úr heimi vilji koma og setjast að hjá okkur. Og ég sem hélt að við tækjum fagnandi öllum sem vildu koma, vegna þess hve okkur fækkar hratt. Ég aftur á móti, ætla mér að

fylgjast með því, að hún geri það upp sómasamlega, ef hún fær húsið, konan sem fékk skyndilega svona mikinn áhuga, þegar hún vissi að einhver annar vildi fá það.

Með vorkveðjum, Ásthildur Þórðardóttir.



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúðog vinsemd, og veittu okkur ómetanlega hjálpevna andláts og útlarar móður okkar, tengdamóður og ömmu

Helgu Friðriku Stígisdóttur
Hlíf 1, Ísafirði

Guð blessi ykkur öll.

Rannveig Ragúelsdóttir Amad Hajo
Hallfríður Ragúelsdóttir
Stefán Hagalín Ragúelsson Berglind Árnadóttir
Jóna R. Ragúelsdóttir Civan Haco
og barnabörn

STAKKUR SKRIFAR

Arnkötludalur og skattlagning vegnotkunar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Það verður að teljast afar athyglisvert að sveitarfélög séu farin að velta fyrir sér fjármögnun vegar um Arnkötludal. Ljóst er að Stranda-menn og íbúar Ísafjarðardjúps og í Ísafjarðarbæ vilja betri vegi. Margt hefur verið gert vel. Vegurinn um Ísafjarðardjúp er orðinn með því besta sem gerist, þótt smiðshöggjið vanti á verkið. Innan Ísafjarðarbæjar eru vegir sem tengja byggðarkjarna orðnir vel ásættanlegir og reyndar miklu meira en það. Vegtenging milli Strandasýslu og Ísafjarðardjúps er vel viðunandi, en hið sama verður ekki sagt um vegasamband milli Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar. Unnt er að aka Þorska-fjarðarheiði á sumrum. Að vetri er ekki akfært milli Ísafjarðardjúps og Austur - Barðastrandasýslu. Öllum ber saman um að til þess að skapa nauðsynlega samstöðu Vestfirðinga sé mikilvægt að samgöngur séu góðar. Leið ehf. hefur látið fara fram athugun á vegstæði um Arnkötludal. Hún lofar góðu. Samgönguáætlun samþykkt af Alþingi hefur hlotið mikla gagnrýni. Allir eru óánægðir, bæði landsbyggðarfólk og íbúar höfuðborgarsvæðisins. Strandamenn halda því fram að vegur milli Hólmavíkur og Brúar sé orðinn mjög illa farinn. Það er rétt. Sá vegur þolir ekki umferð flutningabíla frekar en aðrir. Samkeppnisstaða sjó- og landflutninga er ekki jöfn meðan ekki er rétt og eðlileg skattlagning

á stóra vörubíla sem flytja vörur fram og aftur, landið þvert og endi-langt. Löngu er tímabært að leggja á borðið rannsóknir sem sýna hve miklu meir stóru og þungu bílarnir slíta vegunum umfram venjulega fólksbíla. Ýmsar bandarískar rannsóknir sýna að slitir er tugum þús- unda sinnum meira af stórum tíu hjóla truck en venjulegum fólksbíl. Það leiðir aftur hugann að því hvaða vitleysa er í gangi varðandi inn- flutning á stórum pallbílum frá Bandaríkjunum, sem sumir eru svo stórir að almennt ökuþróf þeirra, sem tekið hafa slíkt eftir 1. júlí 1997, dugar ekki til að aka þeim. Og er ekki jeppavitleysan gengin í ófgar? Er ekki hluti vandans sá að skattlagning á notkun bifreiða er ekki í samræmi við stærð þeirra og þyngd? Um er að ræða umhverfisvanda sem mun fylgja komandi kynslóðum. Sennilega yrði auðveldara að kosta vegi ef skattlagning væri ákveðin í samræmi við slit vega af einstökum tegundum bifreiða, fólks-, vöru-, hóp- og annarra sérstakra bifreiða. Þetta kann að hljóma byltingarkennt, en er það ekki. Þangað til að þingmenn hafa pólitískan kjark til að skoða málið og taka á því verða sveitarfélögin að leita leiða framhjá samgönguáætlun ef þau sætta sig ekki við hana. Svo einfalt er það.

[illegible]

mannlíf

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is

til Thelmu sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn 19. maí, 140. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1933 sótti æstur mannfjöldi fanga inn í hegningarhúsið í Vestmannaeyjum og leysti hann úr haldi. Premur árum síðar hlutu 10 manns fangelsisdóm fyrir verknáðinn.

Pennan dag árið 1950 kom farþegaskipið Gullfoss til landsins. Þúsundir Reykvíkinga fögnuðu skipinu sem rúmaði 210 farþega og 60 manna áhöfn. Gullfoss var í förum fyrir Eimskipafélagið til ársins 1973.

Pennan dag árið 1983 flaug Boeing þota með geimskutluna Enterprise ofan á yfir Reykjavík og lenti á Keflavíkurflugvelli.

Pennan dag árið 1990 var Húsdýragarðurinn opnaður.

Heimild: Dagur Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

Á þessum degi fyrir 37 árum



Barni bjargað frá drukknun

„Í gær bar þar til að 6 ára drengur féll í sjóinn í bátahöfninni á Ísafirði, en fyrir mikið snarræði var honum bjargað.

Drengurinn var að fleygja spýtu í sjóinn en nagli í spýttunni festist í peysu hans og tók spýtan drenginn með sér í fallinu. Jónatan Arnórsson sjómaður var að vinna í bát þarna skammt frá og brá sér upp á kambinn, hljóp til og stakk sér til sunds, 5 til 6 metra fall því háfjara var. Gat hann fljótt náð drengnum og synti með hann drjúgan spöl að fleka í bátahöfninni.

Tveir bræður drengsins voru spurðir að því, hvort honum hefði orðið nokkuð meint af þessu og svaraði þá annar: „Nei hann meiddi sig ekkert, en honum fannst það svakalega kalt“

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustan- og austanátt, víðast 3-8 m/s og bjartviðri, en el eða skúrir norðaustantil. Hiti 1-10 stig.

Horfur á laugardag:

Norðaustan- og austanátt, víðast 3-8 m/s og bjartviðri, en el eða skúrir norðaustantil. Hiti 1-10 stig.

Horfur á sunnudag:

Norðaustan- og austanátt, víðast 3-8 m/s og bjartviðri, en el eða skúrir norðaustantil. Hiti 1-10 stig.

Horfur á mánudag:

Vestlæg eða breytileg átt og skúrir eða el.

Spurning vikunnar

Hvert ætlar þú að ferðast í sumar?

Alls svöruðu 607. – Um Vestfirði sögðu 247 eða 41% – Um Norðurland sögðu 37 eða 6% – Um Austurland sögðu 41 eða 7% – Um Suðurland sögðu 40 eða 7% – Til útlanda sögðu 177 eða 29% – Fer ekki neitt sögðu 65 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Hvað er að fréttu? • Sæmundur Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Skjólskóga

400 þúsund plöntur gróðursettar

„Frá Þingeyri er allt gott að fréttu. Vorið er vonandi komið til að vera og sauðburður eflaust að hefjast. Hjá Skjólskógum Vestfjarða er aðaltörnin að fara byrja og höfum við verið að taka á móti plöntum og stefnum að því að gróðursetningar hefjist núna eftir hvítasunnuna og standi út

júní. Um 400 hundruð þúsund plöntur verða gróðursettar auk þess sem 10-12 km skjólbelti verða lögð út. Feikinóg er því um verkefni og verður alveg brjálað að gera í sumar. Þetta eru góðar plöntur sem við höfum verið að fá og lítið hefur verið um afföll í gróðrarstöðvum í vetur.

Gróður kemur ágætlega undan vetri en ég óttast að hretin að undanförmu hafi valdið einhverjum skemmdum. Þá fór hitinn fór niður í 6-7 gráðu frost eina nótt í síðustu viku hér á norðursvæðinu og það hefur hugsanlega valdið skaða á nýjum sprotum á lerki og ösp en annað held ég að sé í lagi.“



Innlit til Jónu Símoníu Bjarnadóttur og Þorsteins Traustasonar í Neðstakaupstað á Ísafirði



Þessari stofu er lokað á sumrin svo safngestir geti kíkt á gluggana að vild.

Heimilið hluti af menningararfi Íslendinga

Hjónin Jóna Símonía Bjarnadóttir og Þorsteinn Traustason búa í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. Þar standa fjögur hús frá 18. öld sem mynda elstu húsabyrpingu landsins. Fyrir fáum áratugum átti að rífa þessi hús en áhugamenn fengu afstýrt því og hafa þau verið gerð upp og endurbýggð eitt af öðru. Eins og alkunnugt er eru höfuðstöðvar Bygðasafns Vestfjarða og stolt Ísfirðinga nú í Neðstakaupstað. Þar var áður verslunarmiðstöð og Faktorshúsið var reist árið 1765 sem íbúðarhús verslunarstjórans. Húsin sjálf og umhverfi þeirra er eitt allsherjar safn.

„Það er bara gaman að búa í safni en það var erfitt fyrsta sumarið þegar maður var að venjast andlitunum á gluggunum en það er mikið líf hér yfir sumarið. Nú loka ég einni stofunni yfir sumartímann og bý gluggann fallega svo fólk geti litið inn um hann. Það er ekki óalgennt að fólk fái að koma inn og skoða húsið að innan. Ég hef bara gaman af því og reyni bara að hafa hreinlegt hjá mér yfir sumarið“, segir Jóna Símonía og hlær. „Húsið er hluti af menningararfi okkar og gaman ef fólk hefur áhuga fyrir því. Þá hef ég nokkrum sinnum orðið vör við að fólk hafi farið inn og gengið hring um húsið þegar ég hef ekki verið heima en ég kippir mér ekki upp við það.

Þetta er elsta húsabyrping á Íslandi þó að til séu hús

sem eru eldri. Það sem er einstakt við þessi hús er að þau standa á sínum upprunalega stað og hafa aldrei verið færð til. Þeim hefur þó verið breytt í gegnum tíðina og nú er verið að vinna að því að koma þeim aftur í 18. aldar horfið. Allt húsið er friðað og var það friðlýst ásamt hinum húsunum 1974. Þar af leiðandi fæ ég engu um ráðið hvernig er innandyrna hjá mér. Til dæmis var litavalið í annarra höndum þegar stofurnar voru málaðar. En það var nú bara ágætt að losna við hausverkinn að velta fyrir mér hvað lit ætti að velja. Eina sem ég fæ að ráða er húsgögnin hjá mér“, segir Jóna. Innbúið á vel við aldagamalt húsið og blær frá fornum tímum er yfir húsinu. Þá eru þeir ófáir sem hafa búið í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað. „Frá því að húsið var byggt árið 1765 hef-

ur verið búið nánast samfellt í því. Þekktast- er Árni

ur þeirra faktora sem bjó hér Jónsson hjá Ásgeirsverslun. Hann var hér mjög lengi og réði miklu á Ísafirði sem faktor.“

Faktorshúsið er í elstu húsabyrpingu landsins.



● **Draumaferðin** • Karl Ásgeirsson, matreiðslumeistari hjá SKG-veitingum á Ísafirði

Laxveiðiferð til Skotlands

„Ég á erfitt með að velja á milli þriggja draumaferða. Mest langar mig langar að fara laxveiðiferð til Skotlands og gista í gömlum kastala. Þar er frábær aðbúnaður, góðar veitingar og svo eru laxarnir þar með þeim stærstu sem gerist. Næst er það bleikjuveiðiferð til Grænlands sem er



algjörlega hinn póllinn við Skotlandsferðina. Þar er aðbúnaður frumstæður og allt eftir því. Svo er draumur að komast í skíðaferð til Ítalíu með fjölskylduna. Ég hef aldrei farið svona ferðir og læt mig bara dreyma, svo verður tíminn að leiða í ljós hvort draumurinn rætist,“ sagði Karl Ásgeirsson.

● **Vestfirskar þjóðsögur** • Gísli Hjartarson

Lögfræðingurinn og kálfurinn

Arnar Geir Hinriksson, lögfræðingur og fasteignasali á Ísafirði, var einu sinni sem oftast á leið um Ísafjarðardjúp. Skammt frá Hörgshlíð í Mjóafirði bílaði bíllinn. Greiðvikinn vegfarandi dró bifreið lögfræðingsins heim að bæ í Hörgshlíð. Þar var þá til heimilis Jakob Jónsson, sem er snillingur að gera við bíla. Kobbí er nú búsettur á Ísafirði og er starfsmaður hjá Ágústi og Flosa ehf. Jón heitinn Jakobsson, faðir Jakobs, var á lífi þegar saga þessi gerðist og var bóndinn í Hörgshlíð. Meðan Kobbí var að gera við bílinn tók Jón bóndi Adda Geir tali, spurði hverra manna hann væri og hvað hann gerði. Addi kvaðst vera lögfræðingur og hafa lært í tveimur háskólum. Jón, sem bar ekki mikla virðingu fyrir lögfræðingastéttinni, sagði þá: Ég átti einu sinni kálf sem gekk undir tveimur kúm. Það varð aldrei neitt úr honum annað en naut.



Jónu Símóníu finnst gaman að búa í safni.



Fjölmarga gamla muni má finna í húsínu.



Blær frá fornum tímum er yfir húsínu.

● **Brennslan mín** • Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar og einn skipuleggjenda rokkhátíðarinnar „Aldrei fór ég suður“

Finnst ég vera 16 þegar ég hlusta á Neil Young

Hér koma nokkur af uppáhaldslögum mínum, fjölmörg þeirra hafa verið í uppáhaldi hjá mér um árabíl og við hlustun á þeim vakna ýmsar minningar. En einnig hafa nokkur ný lög bæst í sarpinn.

- 1. And I love her – Robin Nolan trio**
„Live“ upptaka frá Django Jass hátíð í Samois sur Sine í Frakklandi Frábær útsetning á hinu klassíska Bítlagi. Síðan að ég heyrði þetta fyrst hef ég ekki getað losnað við það úr hausnum og verður það betra og betra eftir því sem hlustað er oftar.
- 2. Cose Dell Vita – Tina Turner og Eros Ramazzotti**
Tina Turner hefur alltaf komið mér í dúndur stuð. Þessi dúett með Eros Ramazzotti er einn sá besti sem hún hefur gert.
- 3. I see a Darkness – Johnny Cash**
Ég hreifst strax af þessu

- 4. Heart of Gold – Neil Young**
Þegar Olgeir vinur minn var á kafi í Led Zeppelin þá var ég alltaf á mýkri nótunum og drakk allt í mig sem Neil Young gerði þar á meðal með Crosby Stills Nash and Young. Alveg frá upphafi hefur Heart of Gold verið í miklu uppáhaldi hjá mér og kemst ég í þessa fínu nostalgíu stemmningu og finnst ég vera 16 ára þegar ég hlusta á Niels Unga. Mér finnst hann reyndar vera að gera skemmtilegustu tónlistina á ferlinum síðustu árin.
- 5. Areia de Salamansa – Cesaria Evora**
Platan Sao Vicente Di

- 6. Salt – Mugison og Helga**
Fallegt lag og góður flutningur, sorgleg saga. Þarf ekki frekari útskýringar við.
- 7. Somewhere over the rainbow / What a wonderful world – Israel Kamawiwo**
Ég veit ekkert um þennan Israel Kamawiwo en þegar ég hlustaði fyrst á þessa tveggja laga syrpu þá kolféll ég fyrir þessu og finnst vera skemmtilegur vinkill á þessum frábæru
- 8. Morning has Broken – Cat Stevens / Yousuf Islam**
Fallega samið lag. Ég hef verið aðdáandi Cat Stevens frá því að ég var unglingur. Eftir að ég var að stúdera Íslam í Malasíu og kynntist hans skoðunum og það sem hann hefur ritað um Íslam þá er ég sannfærður um að þarna fer ákaflega hjartahreinn maður og mikill andans klerkur.
- 9. The one – Trabant**
Raggi sendi mér nýja diskinn þeirra Emotional, takk fyrir það Raggi. Þetta lag The one er skemmtilegt sjónarhorn á þessa frábæru listamenn í Trabant og fyrirfram hefði ég haldið að maður myndi heyra eitthvað annað frá þeim. En skemmtileg plata og verður örugglega á topp 5 á þessu ári. Allur diskurinn vinnur á við hlustun.
- 10. Hey – Julio Iglesias**

perlum dægurtónlistar og sýnir best að tónlistin verður eilíf með nýjum flytjendum.



Guðmundur M. Kristjánsson.

Ég hef lengi verið aðdáandi Julio og kemst í góða slökun við að hlusta á hann. Bestur finnst mér hann takast upp við spánskar ballóður og Hey er ein sú fegursta.

● **Stuttar fréttir**

Vill flytja hús úr Teigahverfi

Skarphéðinn Hjálmarsson, sem fyrir nokkru fékk úthlutað lóðinni að Grenilundi 2 á Tunguskeiði í Skutulsfirði, hefur óskað heimildar umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar til þess að flytja einbýlishús sitt að Árvöllum 7 í Teigahverfi í Hnífsdal á lóðina í Grenilundi. Umhverfisnefnd frestaði afgreiðslu málsins og fól tæknideild að ræða við Skarphéðinn um möguleika á annarri lóð. Sem kunnugt er hefur stærsti hluti Teigahverfis verið keyptur upp af Ofanflóðasjóði þar sem hverfið er á snjóflóðahættusvæði. Hafa mörg húsanna í kjölfarið verið flutt úr hverfinu og komið fyrir á öðrum stöðum.

Tölvuprjótar gerðu usla

Vefsvæðið sem heldur utan um fjarstýrða vefmyndavél í Bolungarvík varð fyrir árás argentínskra tölvuprjóta í síðustu viku. Að því er fram kemur á vefnum vikari.is náðu tölvuprjótarnir að valda það miklum skemmdum að nokkra daga tók að koma síðunni í lag. Vefmyndavélin sýnir frá lífinu við höfnina í Bolungarvík og hefur náð töluverðum vinsældum, en með því að fara á síðuna webcam.is geta gestir fengið stýra vélinni sem hægt er að beina í allar áttir.

Gefur KFÍ 100 þúsund krónur

Bæjaráð Ísafjarðarbæjar hefur að tillögu ípróttta- og æskulýðsnefndar Ísafjarðarbæjar sýnað beiðni KFÍ um 100 þúsund króna stuðning vegna kynnisferðar sem félagið stóð fyrir í tengslum við ársþing Körfuknattleikssambands Íslands á Ísafirði á dögunum. Ársþingið var haldið á Ísafirði í tilefni af 40 ára afmæli KFÍ. Hins vegar samþykkti bæjarráð tillögu nefndarinnar um að færa KFÍ að gjöf 100 þúsund krónur í tilefni afmælis félagsins.



Skrifað undir verksamning vegna endurbóta á Þingeyrarflugvelli

Heildarkostnaður við verk- ið um 182 milljónir króna


Skrifað var undir verksamning vegna endurbóta á Þingeyrarflugvelli á fimmtudag í síðustu viku. Undirritun samningsins fór fram á flugvöllinum og skrifuðu undir Þorgeir Pálsson flugmálastjóri og Sigurður Óskarsson hjá KNH verktökum sem hafa munu verkið með höndum. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Guðbjörn Charlesson umdæmistjóri Flugmálastjórnar á Ísafirði vottuðu undirskriftina og fulltrúar landeigenda og hönnuða voru viðstaddir. Gefin hefur verið út tilkynning um lokun vallarins og gildir hún til 1. nóvember. Brautin verður lengd um 134 metra, en þar að auki verða gerð 60 metra öryggissvæði við báða enda hennar sem heimilt verður að nýta til flugtaks. Því má að vissu leyti segja að brautin lengist um 254 metra.

Núverandi flugbraut er 950

metra löng og 30 metra breidd malarbraut. Að loknum endurbótum verður flugbrautin 1.084 metrar að lengd og 30 metrar að breidd. Hliðaröryggissvæði ná 40 metra út frá miðju flugbrautar til hvorrar hliðar. Flugbrautin og endaöryggissvæðin verða með bundnu slitlagi. Þjóðvegurinn við flugvöllinn verður færður suður fyrir flugbrautina.

Ljósþúnaður verður á flugbrautinni; brautarljós, akbrautarljós, aðflugshallaljós og þróskuldsauðkennaljós, sem eru sterk blikkljós við lendingarþróskuld. Veðurathugunararkerfi verður í tveim mörstrum við hvorn brautarenda auk veðurathugunarstöðvar uppi á Sandfelli. Að auki verða brautarhitamælur sem mæla hita í yfirborði flugbrautarinnar.

KNH verktakar ehf. áttu lægsta tilboðið í verkið. Heildarkostnaður við framkvæmd-



Sigurður Óskarsson og Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri handsala samninginn.

ina er 182 milljónir króna en Vegagerðin greiðir 12 milljóna króna kostnað við flutning þjóðveggarins, þannig að kostnaður Flugmálastjórnar er áætla-

ður 170 milljónir króna. Þar af fara 105 milljónir króna til verktakans, en annar kostnaður eins og ljósa- og veðurathugunarþúnaður er áætlaður

35 milljónir króna. Hönnun, eftirlit og námur við framkvæmdina munu kosta 42 milljónir króna.

– halfdan@bb.is

Ársreikningar Bolungarvíkurkaupstaðar og stofnana hans lagðir fram til fyrri umræðu

Afkoman neikvæð um 48 milljónir

Rekstrarniðurstaða Bolungarvíkurkaupstaðar og stofnana hans var neikvæð um tæpar 48 milljónir króna á síðasta ári. Er það þó til muna betri afkoma en reiknað var með í fjárhagsáætlun ársins. Þetta kemur fram í ársreikningum bæjarins sem voru til fyrri umræðu í bæjarstjórn í síðustu viku. Tekjur Bolungarvíkurkaupstaðar og stofnana hans voru 400 milljónir króna eða um 10 milljónum króna hærri en reiknað var með. Skatttekjur voru rúmar 207 milljónir króna, framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 59 milljónir og aðrar tekjur voru 133 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld voru 215 milljónir króna, annar rekstrarkostnaður 147 milljónir króna og styrkir og framlög voru 20 milljónir. Rekstrarniðurstaða varð því neikvæð um tæpar 48 milljónir króna en í fjárhagsáætlun var reiknað með 400 milljónum króna. Afskriftir voru 28 milljónir króna í stað 20 í áætlun. Fjármunagjöld bæjarins voru



Frá Bolungarvík.

37 milljónir króna en í fjárhagsáætlun var reiknað með að þau yrðu 55 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða varð því neikvæð um tæpar 48 milljónir króna í stað rúmlega 81 milljóna í áætlun.

Í árslok 2004 voru skammtaskuldur bæjarins og stofnana hans tæpar 87 milljónir

króna og höfðu lækkað úr rúmum 98 milljónum króna á milli ára. Langtímaskuldir voru á sama tíma rúmar 758 milljónir króna og höfðu hækkað úr rúmum 737 milljónum króna. Af þessum 758 milljónum eru 584 milljónir króna vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélagsins eða um 77% af lang-

tímaskuldum. Lífeyrisskuldbindingar voru tæpar 56 milljónir króna og höfðu hækkað úr tæpum 54 milljónum króna á milli ára. Veltufjármunir voru í árslok tæpar 169 milljónir króna og höfðu lækkað úr tæpum 184 milljónum frá árinu á undan. Heildarskuldur að frádrægnum veltufjármun-

um voru því í árslok 2004 rúmar 732 milljónir króna og höfðu hækkað úr tæpum 706 milljónum króna eða um 26 milljónir. Áhættufjármunir og langtímakröfur í árslok voru tæpar 37 milljónir króna.

Síðari umræða um ársreikninginn fer fram síðar í mánuðinum. – hj@bb.is

Flateyri

Sleginn með kylfu

Maður var sleginn með hafnarboltakylfu utan við veitingastað á Flateyri um klukkan hálf fjögur aðfaranótt mánudags. Meiðsl hans voru ekki talin alvarleg og þurfti hann ekki að fara á sjúkrahús, að sögn lögreglunnar á Ísafirði.

Enginn var handtekinn vegna málsins en hald var lagt á hafnarboltakylfuna. Mikill erill var hjá lögreglunni, mikið að fólki að skemmta sér í bænum. Einn var tekinn grunaður um ölvun við akstur.

Ísafjörður

Málverk- um stolið

Tveimur málverkum var stolið af kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði um helgina en þar stendur yfir sýning á verkum Reynis Torfasonar, bæjarlistamanns Ísafjarðarbæjar. Fyrri myndinni var stolið á föstudagskvöld og þeirri seinni á laugardag.

„Bæði kvöldin voru uppákomur á staðnum og fullt út að dyrum svo þjófurinn gat sloppið með myndirnar en þær eru báðar í minni kantínunum. Við vitum þó hver var að verki og viljum gefa honum færi á að skila myndunum til okkar og þá verður ekki gripið til frekari aðgerða“, segir Kristján Sverrisson, starfsmaður á Langa Manga.

Byggðakvóti

Fallist á úthlutun

Ráðuneyti sjávarútvegs hefur fallist á tillögur Ísafjarðarbæjar um úthlutun 120 þíg.t byggðakvóta í samræmi við reglur þær er bæjarstjórn samþykkti á sínum tíma. Er tonnum þessum úthlutað til báta á Suðureyri og Flateyri.

Alls bárust 27 umsóknir um byggðakvótann en að mati bæjarins uppfylltu 10 þeirra ekki reglurnar. Halli Eggerts ÍS-197 fær mesta úthlutun eða tæp 21 þíg.t.